

# BÓNUS

## Sjálfbærniskýrsla

2023

Umhverfi

Mannauður

Samfélag

Árið 2023 var mjög viðburðaríkt og starfsfólk Bónus vann að fjölbreyttum verkefnum eins og endranær en það sem stendur upp úr í mínum huga er hversu sterk liðsheild og góður liðsandi er í hópi starfsfólks. Starfsfólk finnur stöðugt nýjar leiðir til að vinna betur saman, vinna betur fyrir okkar viðskiptavinum og sjá til þess að Bónus hafi jákvæð áhrif á bæði umhverfi og íslenskt samfélag.

## Með þér í liði – Verðþróun

Verðbólga hefur verið að plaga samfélagið og við höfum barist hart fyrir því að lágmarka verðhækkunar og leggja þannig okkar af mörkum til að lækka verðbólgu í góðu samstarfi við okkar birgja. Eitt allra mikilvægasta verkefni Bónus á sviði samfélagsmála er að standa vörð um kaupmátt neytenda.

Okkar stærsta framlag til íslensks samfélags hefur verið að bjóða upp á lægsta vöruverðið á markaði frá því að Bónus hóf rekstur. Á árinu 2023 mældist matarkarfan áfram ódýrust hjá Bónus samkvæmt verðlagseftirliti ASÍ.

## Með þér í liði – Nýjar verslanir og ný tækni

Þrjár nýjar verslanir voru opnaðar á síðasta ári, í Miðhrauni, Holtagörðum og í Norðlingaholti. Einnig voru margar aðrar verslanir uppfærðar með nýjum framstillingarbökkum og nýjum merkingum í grænmetis- og ferskvörukælum og þannig gerðum við upplifun viðskiptavina ánægjulegri.

GRIPIÐ & GREITT var innleitt í fimm verslanir á árinu og óhætt að segja að viðtökur hafi farið fram úr okkar björtustu vonum. Þúsundir viðskiptavina nýta sér GRIPIÐ & GREITT tæknina í verslunum Bónus í hverjum mánuði og þetta hefur leitt af sér styttri verslunarferðir fyrir þá viðskiptavinum því meðaltími

afgreiðslna er um 20% styttri en ef greitt er á afgreiðslukassa. Þessar góðu móttökur viðskiptavina hvetja okkur til þess að þróa enn frekari GRIPIÐ & GREITT tæknina á árinu 2024.

Við hjá Bónus höfum verið í vinnu við að breyta vörumerkinu og ásýnd verslana. Það voru því ánægjuleg tíðindi þegar við fengum tilnefningu sem vörumerki ársins. Þetta sýnir okkur að þær breytingar sem við réðumst í hafa styrkt stöðu okkar á markaði.

## Með þér í liði – Samfélagið

Við stækkuðum kolefnisbókhalðið okkar þannig að í dag nær það utan um yfir 95% af heildarlosun Bónus. Við höfum náð góðum árangri bæði þegar kemur að heildarlosun og flokkun úrgangs en heildarlosun umfangs 1 og 2 minnkaði um 11% á árinu og losun vegna úrgangs í umfangi 3 minnkaði um 8%.

Við höfum lagt áherslu á FENÚR (samræmdar merkingar í úrgangsmálum) í verslunum okkar og á síðasta ári hvatti Bónus sérstaklega alla samstarfsaðila til að setja FENÚR merkingar á sínar umbúðir. Á milli ára jukum við flokkunarhlutfall okkar upp í 78,4% og endurnýtingu úrgangs úr 77,8% í 81%.

Við fórum í fjölmargar aðgerðir til að minnka matarsóun en með notkun „databar“ tækninnar hefur okkur tekist að fækka markvisst þeirri ferskvöru sem annars þyrfti að henda. Breytingar og tilfærslur á geymslukössum í grænmetiskælum hafur aukið ferskleika grænmetis og með matargjöfum hefur okkur tekist að lágmarka matarsóun. Í heildina minnkaði blandaður úrgangur um 13,2% á milli ára sem verður að teljast góður árangur, þó svo að við viljum alltaf gera betur.

Bónus hélt áfram að styðja við góð málefni á árinu en við styðjum við fjölmörg samfélagsleg verkefni út um allt land, bæði þegar kemur að íþróttafélögum og góðgerðarsamtökum. Þá höfum við á hverju ári stutt við nýsköpun í matvælaframleiðslu en Bónus hefur aðstoðað sprotafyrirtæki í gegnum nýsköpunarsjóðinn Uppsprettu. Með þessum verkefnum viljum við auka jákvæð áhrif Bónus á umhverfið og samfélagið í heild.

Síðasta ár var farsælt fyrir okkur í Bónus og ég er því fullur eftirvæntingar og viss um að við, starfsfólk Bónus höldum áfram að styðja við okkar viðskiptavinum og íslenskt samfélag í gegnum ný og spennandi verkefni á árinu 2024.



Björgvin Víkingsson  
Framkvæmdastjóri



## Bónus í hnotskurn

Bónus er keðja lágvöruverðsverslana sem frá stofnun árið 1989 hefur boðið viðskiptavinum sínum lægsta mögulega matvöruverð á Íslandi. Hönnun verslana Bónus miðar öll að því að halda rekstrarkostnaði í lágmarki. Áhersla er lögð á lítinn íburð í verslunum, stöðugt kostnaðaraðhald og mikinn veltuhraða birgða. Bónus hefur lagt áherslu á einfaldleika í rekstrinum og stefnumarkandi vöruval fyrir lágvöruverðsverslun.

Eitt af leiðarljósum Bónus hefur ávallt verið að láta viðskiptavininn njóta hluta ábatans af því þegar nást hagstæðir innkaupasamningar með lágri álagningu. Í lok árs 2023 voru verslanir Bónus 33 talsins og hjá fyrirtækinu störfuðu um 1000 starfsmenn.

Það er Bónus mikilvægt að halda því trausti sem almenningur hefur sýnt verslunarkerðjunni í gegnum árin og eitt af leiðarljósum Bónus hefur ávallt verið að hafa álagningu sem lægsta. En ekki síður mikilvægt er að Bónus býður sama verð í öllum sínum verslunum um land allt sem reynst hefur afar dýrmætt fyrir heimilin í landinu. Það sannast ítrekað í verðkönnunum að Bónus býður lægsta vöruverð á Íslandi, þrátt fyrir harðnandi samkeppni.

## Upphafið að rekstri Bónus

Feðgarnir Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson opnuðu fyrstu Bónusbúðina í 400 fermetra húsnæði við Skútvog, laugardaginn 8. apríl 1989. Ekki þarf að fara mörgum orðum um viðtökur landsmanna. Þær voru í einu orði sagt frábærar enda vöruverð strax miklu lægra í nýju versluninni. Salan varð strax þrefalt meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og um mitt sumar 1989 var ráðist í að opna aðra Bónusverslun, í Faxafeni 14.

Neytendur kættust eins og nærri má geta og í fréttum dagblaðanna frá 1991 má lesa hversu mikil bylting Bónus var í raun fyrir hinn almenna neytanda. Verðmunur í verðkönnunum var sagður gríðarlegur. Í DV segir í febrúar 1991: „Hátt í helmingsmunur á innkaupakörfu.“ Síðan upphéfst mikið verðstríð þar sem DV metur gróða neytenda á við 30 raðhús í Reykjavík, allt fyrir tilstilli Bónus.


**Bónus allra  
landsmanna**

Bónus fór í gegnum stefnumótunarvinnu á sviði sjálfbærni á árinu ásamt öðrum dótturfélögum Haga. Framkvæmd var greining á sjálfbærnitengdum áhrifum, áhættu og tækifærum í þeim tilgangi að ákvarða hvaða sjálfbærnimálefni væru mikilvægust fyrir fyrirtækið. Þessi vinna lagði grunn að uppfærðum sjálfbærni- og umhverfisstefnum Bónus auk þess sem félagið setti sér markmið og skilgreindi leiðir að markmiðum.

Sjálfbærnitengd áhrif Bónus geta ýmist verið raunveruleg eða möguleg, jákvæð eða neikvæð og átt sér stað í eigin starfsemi eða í virðiskeðju félagsins. Á meðal mikilvægustu áhrifa Bónus er losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðju félagsins, áhrif á kjör og lýðheilsu neytenda, sem og þau áhrif sem félagið hefur á eigin mannauð t.a.m. með aðgerðum félagsins í tengslum við heilsu- og öryggismál, jafnréttismál og starfsþróunarmál.

Við mat á fjárhagslegri áhættu í tengslum við stefnumótunarvinnu var horft til atriða sem geta haft fjárhagsleg áhrif á félagið. Helstu sjálfbærnitengdu áhætturnar í starfsemi Bónus eru kerfislægur vöruskortur vegna uppskerubrests í virðiskeðju sem orsakast af loftslagsbreytingum, fjárfestingar í umhverfsvænni tækjakosti, s.s. kælikerfum og rafbílum, og hæði gagnvart eigin mannauði.

Meðfylgjandi mynd sýnir hvernig mismunandi sjálfbærnimálefni raðast eftir mikilvægi fyrir Bónus.





Bónus sem öflugt félag á smásölumarkaði er í daglegum tengslum við almenning í landinu. Bónus hefur lagt metnað sinn frá upphafi í að þjóna íslenskum neytendum með ábyrgum hætti. Sjálfbærnistefna Bónus er langtímaáætlun félagsins um hvernig það getur lagt sinn skerf til betra og heilbrigðara samfélags og umhverfis, samhliða heilbrigðum rekstri. Stefnan segir auk þess til um hvernig samskiptum við hagsmunaaðila verði háttáð. Helstu hagsmunaaðilar Bónus eru starfsfólk, hluthafar, viðskiptavinir, birgjar og fjölmiðlar auk samfélagsins í heild sinni.

### Stefnuyfirlýsing

Bónus vill láta gott af sér leiða og starfa í sátt við samfélag og umhverfi. Bónus vill eiga gott samstarf við hagsmunaaðila sína og skapa þeim virði með ákvörðunum sínum. Sjálfbærni er hluti af grunnrekstri félagsins og er höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku í stórum málefnum. Við mat á árangri skal horft til þeirra áhrifa sem félagið hefur á samfélag sitt og umhverfi, auk arðsemi.

### Meginstoðir stefnu

Stefna Bónus um sjálfbærni byggir á fjórum meginstoðum. Stoðirnar móta þær áherslur sem félagið fer eftir og mótar þau lykilverkefni sem unnið er að hverju sinni. Meginstoðirnar fjórar eru ekki innbyrðis háðar og ein stoð er ekki annarri mikilvægari.

### Umhverfi

Bónus leggur áherslu á að þekkja þau beinu og óbeinu áhrif sem starfsemi félagsins hefur á umhverfið og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum eftir fremsta megni. Með neikvæðum áhrifum er einkum átt við losun gróðurhúsalofttegunda, hvers konar mengun, matarsóun og athafnir sem stuðla að hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

### Mannauður

Bónus kappkostar að tryggja vellíðan og öryggi starfsfólks. Jafnrétti er haft að leiðarljósi í öllum ákvörðunum og skapar félagið virði fyrir atvinnulífið með menntun og þjálfun starfsfólks. Jafnframt leggur Bónus áherslu á að réttindi starfsfólks í virðiskeðju félagsins séu virt.

### Neytendur

Hagsmunir neytenda og lýðheilsa eru höfð í fyrirrúmi í starfsemi Bónus. Lögð er áhersla á ríkulegt framboð af heilsusamlegum valkostum auk þess að bjóða neytendum hagstæðustu kjör hverju sinni óháð staðsetningu. Þá styður félagið ýmis samfélagsleg málefni hvort sem er í formi styrkja eða samstarfsverkefna.

### Stjórnarhættir

Bónus starfar eftir þeim lögum og reglum sem félaginu ber að fylgja, sem og leiðbeiningum um góða stjórnarhætti. Auk þess hefur félagið sett sér siða- og samskiptareglur sem fylgt er í hvívetna í starfseminni.

### Framkvæmd og gildissvið

Stjórn félagsins og stjórnendur láta sig málaflokkinn varða og bera á honum ábyrgð. Markvisst er unnið að framfylgd stefnunnar innan félagsins.

Bónus er aðili að sjálfbærniráði Haga en þar eru a.m.k. einn aðili frá hverju dótturfélagi Haga. Sömuleiðis eru aðilar úr móðurfélagi í ráðinu og skulu aðilar funda með reglulegu millibili. Hlutverk sjálfbærniráðsins er að stuðla að fræðslu fyrir starfsfólk með það að markmiði að efla sjálfbærnivitund ásamt því að samræma aðgerðir innan dótturfélaga eins og kostur er.

Sjálfbærnistefnan og árangursmat hennar er hluti af stefnumótun innan félagsins og hana skal endurskoða að lágmarki á 12 mánaða fresti.

## Umhverfi

**Loftslagsbreytingar**  
**Hringrásarhagkerfi**  
**Líffræðileg fjölbreytni**

## Mannauður

**Starfsánægja**  
**Jafnrétti og fjölbreytni**  
**Heilsa og öryggi**  
**Starfsþróun**  
**Starfsfólk í virðis\_keðju**

## Neytendur

**Kjör neytenda**  
**Lýðheilsa**  
**Aðgengi**  
**Upplýsingar**



Sjálfbærniskýrsla **2023**

# Umhverfið

Umhverfisstefna Bónus er sett fram með það að leiðarljósi að leggja áherslu á mikilvægi umhverfissjónarmiða í daglegri starfsemi félagsins. Meginmarkmiðið er að félagið leggi sitt af mörkum í þágu sjálfbærrar þróunar og samfélagslegrar ábyrgðar og styðji við mikilvægi þess að starfsfólk sé meðvitað um aðgerðir félagsins í þágu umhverfisins. Bónus vill stuðla að sjálfbærri nýtingu á auðlindum jarðarinnar í þágu íbúa hennar, atvinnulífs og komandi kynslóða, til efnahagslegs og félagslegs ábata.

## Umfang

Umhverfisstefnan nær til allrar starfsemi Bónus. Stjórnendur og annað starfsfólk er hvatt til að kynna sér stefnuna, framfylgja henni í einu og öllu og leita leiða til umbóta í umhverfismálum félagsins.

Með gerð þessarar stefnu skuldbindur félagið sig til að vinna markvisst að því að lágmarka neikvæð áhrif starfseminnar á umhverfið. Stöðugt ber að fylgja eftir stefnumótun og stjórnun umhverfismála í ljósi nýrra laga og reglna, starfshátta þeirra atvinnugreina sem félagið starfar í, tækniþróunar, þarfa neytenda og væntinga viðskiptavina.

## Umhverfisstefna

Umhverfisvernd skal höfð að leiðarljósi í starfsemi félagsins. Umhverfisstefna Bónus byggist á fjórum meginstoðum:

- **Loftslagsmál**
- **Hringrásarhagkerfi**
- **Mengun**
- **Líffræðileg fjölbreytni**

## 1. Loftslagsmál

Bónus leggur áherslu á að þekkja áhrif félagsins á loftslagið og draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þá er á sama tíma mikilvægt að tryggja seiglu félagsins gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Sérstök áhersla er lögð á að Bónus:

- Mæli og hafi reglulegt eftirlit með losun gróðurhúsalofttegunda, bæði í eigin rekstri sem og í virðiskeðju sinni.
- Setji sér markmið um samdrátt í losun með hliðsjón af markmiðum íslenskra stjórnvalda og alþjóðasamfélagsins.
- Innleiði og endurskoði með reglubundnum hætti aðgerðaráætlun sem miðar að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda.
- Hugi sérstaklega að orkusparandi aðgerðum í allri starfsemi, hvort sem er á skrifstofum, í verslunum og í framkvæmdum á vegum félagsins.
- Taki mið af sjálfbærnisjónarmiðum við innkaup í þágu starfseminnar.
- Fjárfesti með ábyrgum hætti í verkefnum sem hafa það að markmiði að binda kolefni úr andrúmslofti.
- Vinni markvisst að því að auka seiglu og aðlögunarhæfni gagnvart mögulegum afleiðingum loftslagsbreytinga, s.s. uppskerubrestum í virðiskeðju félagsins.

## 2. Hringrásarhagkerfi

Það er stefna Bónus að lágmarka alla sóun og innleiða hringrásarhugsun í starfsemi félagsins. Einkum er lögð áhersla á að:

- Halda úti mælingum á vörusóun og þeim úrgangi sem fellur til í starfseminni.
- Leita stöðugt leiða til að draga úr vörusóun, minnka úrgangsmagn og bæta flokkunar- og endurvinnsluhlutfall.
- Hafa sjálfbærnisjónarmið að leiðarljósi við hönnun og efnisval á umbúðum fyrir eigin framleiðsluvörur.







## Flokkun

Gríðarlegt magn af sorpi er flokkað á hverjum degi hjá Bónus. Það hlutfall hefur aukist ár frá ári.



## Kolefnisbinding

Bónus var fyrsta matvöruverslunin til að fjárfesta í kolefnisbindingu á móti losun úr rekstri.



## Gegn matarsóun

Bónus hefur frá upphafi selt útlitsgallaðar vörur og vörur á síðasta neysludegi með verulegum afslætti.



## Minna plast

Bónus var fyrsta matvöruverslunin til að hætta sölu á hefðbundnum plastburðarpokum.

### 3. Mengun

Bónus leggur ríka áherslu á forvarnir og aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir og lágmarka líkur á hvers konar mengun, hvort sem er á landi, vatni eða andrúmslofti, í eigin rekstri eða í virðiskeðju félagsins.

### 4. Líffræðileg fjölbreytni

Þótt þekking á áhrifum félagsins á líffræðilega fjölbreytni sé enn takmörkuð, er það þekkt að matvælaframleiðsla getur haft neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika á sama tíma og slík framleiðsla reidir sig að miklu leyti á hann. Það er stefna Bónus að efla þekkingu sína á slíkum neikvæðum áhrifum, einkum í virðiskeðju félagsins, og kappkosta að draga úr þeim eftir fremsta megni.

### Eftirfylgni og endurskoðun

Umhverfisstefnan er unnin í samstarfi við Haga og hin dótturfélögin. Framkvæmdastjórn Bónus er ábyrg fyrir framkvæmd og eftirfylgni með umhverfisstefnu félagsins í nánu samstarfi við forstöðumann sjálfbærni hjá Högum og sjálfbærniráð Haga. Umhverfisstefna félagsins er sett til tveggja ára í senn og skal yfirfarin og endurmetin að þeim tíma liðnum.



Á síðasta ári framkvæmdum við mikilvægismat á losunarpáttum í starfsemi Bónus. Tilgangur mikilvægismatsins er að forgangsraða útreikningum á losunarpáttum eins og þeir eru skilgreindir í Greenhouse Gas Protocol staðlinum. Við matið var horft til umfangs losunarpáttar annars vegar og hversu aðgengilegt væri að framkvæma útreikninga á viðkomandi losunarpætti hins vegar.


Niðurstöðu matsins má sjá á meðfylgjandi mynd og hér fyrir neðan er að finna skilgreiningar til að auðvelda lestur myndarinnar.

Grænmerktir losunarpættir eru þeir sem taldir hafa verið fram í fyrri uppgjörum félagsins á meðan þeir rauðmerktu hafa ekki verið gerðir upp hingað til. Með hliðsjón af umræddu mikilvægismati var ákveðið að bæta eftirfarandi losunarpáttum við kolefnisbókhaldið og reikna þá út afturvirktilt til ársins 2022:

- Lekalosun (Umfang 1)
- Aðkeypt vara og þjónusta (Umfang 3)
- Aðkeyptur flutningur og dreifing (Umfang 3)\*

## Skilgreiningar

- **Aðgengileiki**  
Aðgengileiki, gæði og magn upplýsinga og losunarstuðla sem þörf er á til útreikninga.
- **Umfang losunar**  
Útreiknuð eða áætluð losun í koltvísýringsgildum.
- **Grænn**  
Losunarpáttur var hluti kolefnisbókhalds í fyrri skýrslum Bónus.
- **Blár**  
Losunarpætti bætt við kolefnisbókhald á þessu ári.
- **Appelsínugulur**  
Losun hefur ekki verið reiknuð út en verður bætt við á næstu árum.



\*Ekki hefur verið náð utan um flutning frá næsta birgja í tilvikum þar sem birgi sinnir sjálfur dreifingu í verslanir Bónus.

Kolefnisbókhald Bónus er unnið í samræmi við Greenhouse Gas Protocol staðalinn sem skiptir losun upp í þrjú umfang:

**Umfang 1** nær til beinnar losunar frá starfsemi Bónus. Um er að ræða þá losun sem verður til í rekstri félagsins, s.s. vegna eldsneytisbruna farartækja eða gasleka af kælikerfum.

**Umfang 2** nær til óbeinnar losunar vegna aðkeyptar orku. Hér er um að ræða losun sem verður til við framleiðslu á því rafmagni og heitavatni sem notað er í starfsemi Bónus.

**Umfang 3** nær svo til annarar óbeinnar losunar sem á sér stað í virðisæðju Bónus og er tilkomin vegna viðskiptaumsvifa félagsins. Umfang 3 inniheldur 15 losunarflokka sem skiptast í aðstreymi (e. upstream) og frástreymi (e. downstream).

Áhrif Bónus á loftslagið eru fólgin í losun gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni. Bónus útvíkkaði kolefnisbókhaldið sitt á árinu og áætlum við í dag að Bónus sé að ná utan um a.m.k. 95% af heildarlosun samkvæmt Greenhouse Gas Protocol staðlinum. Þeir losunarþættir sem bættust við eru: Lekalosun (umfang 1), Aðkeypt vara til endursölu (umfang 3) og Aðkeyptur flutningur og dreifing (umfang 3).

## Umfang 1 & 2

Lekalosun minnkaði um 14% á milli ára – en um er að ræða losun sem verður til þegar kælimiðlar leka af kælikerfum. Kolsýruvæddar verslanir Bónus fóru úr 25% í 33% á síðasta ári og unnið verður að því að kolsýruvæða allar verslanir svo markmið félagsins um a.m.k. 70% samdrátt í umfangum 1 og 2 fyrir árið 2030 náist.

Losun vegna eldsneytisnotkunar minnkaði um 2% en nýir rafbílar voru teknir í notkun á árinu 2023 í takt við áætlun Bónus um að skipta út eldri bílum fyrir rafmagnsknúna bíla. Losun vegna rafmagnsnotkunar lækkaði um 1% þrátt fyrir fjölgun verslana úr 31 í 33, en 82% af verslunum Bónus hafa nú verið LED-væddar og þá hefur lokum á kæla og frysta í verslunum fjölgað jafnt og þétt. Samtals minnkaði losun félagsins í umfangum 1 og 2 um 11% á milli ára sem er mjög ásættanlegur árangur, sérstaklega með hliðsjón af auknum umsvifum á síðasta ári.

Gróðurhúsalofttegundir	Eining	2022	2023
Umfang 1	tCO <sub>2</sub> í	1.794,4	1.554,1
Umfang 2 (landsnetið)	tCO <sub>2</sub> í	218,8	228,7
Umfang 2 (með markaðsaðgerðum)	tCO <sub>2</sub> í	-	5.511,7
Umfang 1 og 2	tCO <sub>2</sub> í	2.013,2	1.782,8
Umfang 3	tCO <sub>2</sub> í	241.327	260.959
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (landsnetið) og 3)	tCO <sub>2</sub> í	243.340	262.742
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (með markaðsaðgerðum) og 3)	tCO <sub>2</sub> í	-	-
Nasdaq: E1 UNGC: P7 GRI: 305-1,305-2,305-3 SASB: General Issue / GHG Emissions TCFD: Metrics & Targets			

Umfang 1 - samsetning losunar	Eining	2022	2023
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> í	1.794,4	1.554,1
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO <sub>2</sub> í	72,3	70,8
Lekalosun	tCO <sub>2</sub> í	1.722,1	1.483,3

Umfang 2 - samsetning losunar	Eining	2022	2023
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> í	218,8	228,7
Rafmagn	tCO <sub>2</sub> í	110,3	108,7
Hitaveita	tCO <sub>2</sub> í	108,5	119,9
Kæling	tCO <sub>2</sub> í	-	-
Gufa	tCO <sub>2</sub> í	-	-

## Umfang 3

Umfang 3 nær til annarar óbeinnar losunar sem á sér stað í virðiskeðju Bónus og er tilkomin vegna viðskiptaumsvifa félagsins. Umfang 3 inniheldur 15 losunarflokka sem skiptast í aðstreymi (e. upstream) og frástreymi (e. downstream).

Lang stærsti losunarpátturinn í starfsemi Bónus er losun vegna aðkeyptra vara til endursölu. Um er að ræða losun sem verður m.a. til við öflun hráefna, framleiðslu, vinnslu og flutning á þeim vörum sem Bónus selur í verslunum sínum. Losun vegna þessa þáttar hækkaði um 8% á árinu sem skýrist af auknu keyptu og seldu magni.

Losun á aðkeyptri vöru var ýmist reiknuð út frá þyngd vara ef þyngdir voru aðgengilegar ásamt samsvarandi losunarstuðli. Í öðrum tilfellum var kostnaðarverð vara notað til útreikninga. Það verður sérstök áhersla lögð á að auka hlutfall þess sem reiknað er út á grundvelli þyngdar ásamt því að þrýsta á að fá upplýsingar um losun söluvara frá birgjum.

Helstu aðgerðir til að draga úr þessari losun er að innleiða innkaupastefnu með áherslu á sjálfbærnisjónarmið, þ.e. að huga að losun vara þegar um er að ræða innkaup.

### Umfang 3 - losun á fyrri stigum

#### Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta

	Eining	2022	2023
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> í	240.923	260.579

#### Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi

Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> í	65,2	70,5
Losun á fyrri stigum vegna eldsneytisnotkunar	tCO <sub>2</sub> í	17,8	17,3
Losun á fyrri stigum vegna rafmagnsnotkunar	tCO <sub>2</sub> í	0,4	0,4
Flutnings- og dreifitap raforku og hitaveitu	tCO <sub>2</sub> í	47,1	52,9

#### Flokkur 4: Aðkeyptur flutningur og dreifing

Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> í	1,2	0,5
Flugfrakt	tCO <sub>2</sub> í	1,2	0,5

#### Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri

Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> í	335,0	308,9
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	tCO <sub>2</sub> í	335,0	308,9
Fráveita	tCO <sub>2</sub> í	-	-

Kolefnisbókhald Bónus er gert í samræmi við Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðina (GHG Protocol). GHG Protocol skiptir losun frá fyrirtækjarekstri í þrjú umfang:

**Umfang 1:** Bein losun frá rekstri, s.s. eldsneytisnotkun og lekalosun.

**Umfang 2:** Óbein losun vegna aðkeyptrar orku, s.s. rafmagns- og heitavatnsnotkun.

**Umfang 3:** Önnur óbein losun í virðisæðju félagsins, t.d. vegna aðkeyptrar vara, vöruflytninga, úrgangs frá rekstri og notkunar viðskiptavina á seldu eldsneyti.

## Hugbúnaðarlausn

Bónus notar Sustainability Platform hugbúnaðarlausn Klappa til að halda utan um kolefnisbókhald félagsins og safna gögnum sem notuð eru við uppgjör. Hugbúnaðarlausnin gerir fyrirtækinu kleift að tryggja rekjanleika bókhaldsgagna niður á bæði eignir og birgja.

## Umfang 1

### Eldsneytisnotkun

Gögnum um eldsneytis kaup í lítrum er safnað sjálfvirk frá birgjum í gegnum Sustainability Platform. Losunarstuðlar frá DEFRA eru notaðir til útreikninga.

## Lekalosun

Upplýsingum um leka af kælikerfum í kg eftir tegundum kælimiðla er safnað frá birgjum og hlaðið upp í Sustainability Platform. Notast er við losunarstuðla frá DEFRA til útreikninga. Ath. aðalbirgi Bónus hélt ekki utan um upplýsingar um leka á kælikerfum fram til síðustu áramóta, en mun gera það framvegis.

## Umfang 2

### Rafmagnsnotkun

Gögnum um rafmagnsnotkun í kWh er að mestu leyti safnað sjálfvirk í gegnum Sustainability Platform. Í leigurýmum þar sem Bónus ekki sjálft skráð fyrir rafmagnsmælum er gögnum safnað frá leigusólum. Losunarstuðull frá Umhverfisstofnun er notaður til útreikninga á staðbundinni losun og losunarstuðull byggður á orkublöndu uppgefni af Orkustofnun er notaður til útreikninga á losun með markaðsaðgerðum.

## Heitavatnsnotkun

Gögnum um heitavatnsnotkun í rúmmetrum er ýmist safnað saman sjálfvirk í gegnum Sustainability Platform eða beint frá veitufyrirtækjum eða leigusólum. Losunarstuðull frá Klöppum er notaður til útreikninga.

## Umfang 3

### Aðkeypt vara og þjónusta

Útreikningur á árunum 2022 og 2023 tekur til aðkeyptrar vara til endursölu. Ekki var náð utan um aðkeypta vöru og þjónustu til notkunar í eigin rekstri.

Gögnum vegna aðkeyptrar vöru til endursölu er safnað úr innri kerfum. Í tilvikum þar sem upplýsingar um þyngdir vöru liggja fyrir ásamt samsvarandi losunarstuðli er losun reiknuð út frá þyngd vöru (average data method). Í tilvikum þar sem erfðleikum er háð eða ekki er unnt að reikna út losun út frá þyngdum er hún reiknuð út frá kostnaðarverði vara (spend-based method).

Eftirfarandi gagnagrunnar voru notaðir við útreikninga:

Gagnagrunnur	Vöruflokkar	Mælikvarði	Ár
The Big Climate Database (v1.1 2024)	Matvara	Magn (kg)	2022-23
WRAP Emission Factor Database (v1.2 2023)	Matvara	Magn (kg)	2022-23
USEEIO Supply Chain Greenhouse Gas Emission Factors (v1.2 2023)	Matvara og Sérvara	Kostnaður	2022-23

### Eldsneytis- og orkutengd starfsemi

Umrædd stærð er reiknuð út frá fyrirliggjandi gögnum um eldsneytis- og orkunotkun. Losunarstuðlar frá DEFRA og Veitum ohf. eru notaðir við útreikninga.

### Aðkeyptur flutningur og dreifing

Gögnum um aðkeyptan flutning og dreifingu er safnað frá flutningsaðilum og þeim hlaðið upp í Sustainability Platform. Aðferðin sem notuð er til útreikninga á losun kallast „distance-based method“. Samkvæmt henni eru upplýsingar um þyngd farms, flutta vegalengd og flutningsmáta notaðar til grundvallar útreikningi á losun. Losunarstuðlar frá DEFRA eru notaðir við útreikninga.

Ath. ekki hefur verið náð utan um flutning frá næstu birgjum (e. tier 1 suppliers) í tilvikum þar sem Bónus greiðir ekki sjálft fyrir flutninginn.

## Úrgangur

Upplýsingum um þann úrgang sem fellur til í starfsemi er að mestu safnað sjálfvirk frá birgjum í gegnum Sustainability Platform. Í tilvikum þar sem gagnatengingar eru ekki til staðar eru upplýsingar fengnar beint frá


úrgangshirðuaðilum. Upplýsingum er safnað um þyngd úrgangs og úrgangstegundir. Losunarstuðlar DEFRA eru notaðir til útreikninga þar sem tekið er tillit til úrgangstegunda og endurvinnslu- og förgunaraðferða. Losun vegna fráveitu hefur ekki verið gerð upp.

## Viðskiptaferðir

Gögnum um viðskiptaferðir er safnað sjálfvirk í gegnum Sustainability Platform. Eingöngu eru flugferðir frá Ícelandair í útreikningum og vantar því losun vegna flugferða með öðrum flugfélögum, gistinátta, leigubílaferða og annarra hugsanlegra viðskiptaferða.

Tafla hér fyrir neðan sýnir stöðu og mikilvægi losunarpáttanna í umfangi 3.

Losunarpáttur	Talið	Mikilvægi
Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta	Að mestu	Mjög hátt
Flokkur 2: Fastafjármunir	Ótalið	Miðlungs
Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi	Talið	Lágt
Flokkur 4: Aðkeyptur flutningur og dreifing	Að hluta	Miðlungs
Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri	Að mestu	Miðlungs
Flokkur 6: Viðskiptaferðir	Að hluta	Lágt
Flokkur 7: Samgöngur Starfsmanna	Ótalið	Miðlungs
Flokkur 8: Leigðar eignir	Á ekki við	Á ekki við
Flokkur 9: Flutningur og dreifing á síðari stigum	Ótalið	Óvitað
Flokkur 10: Áframhaldandi vinnsla á seldri vöru	Á ekki við	Á ekki við
Flokkur 11: Notkun á seldri vöru	Á ekki við	Á ekki við
Flokkur 12: Lok líftíma seldrar vöru	Ótalið	Miðlungs
Flokkur 13: Útleigðar eignir	Á ekki við	Á ekki við
Flokkur 14: Sérleyfishafar	Á ekki við	Á ekki við
Flokkur 15: Fjárfestingar	Á ekki við	Á ekki við



Þótt aðaláhersla sé lögð á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda hjá Bónus þykir okkur jafnframt mikilvægt að styðja við lausnir sem miða að bindingu kolefnis eða forðun á losun gróðurhúsalofttegunda.

Það er stefna Bónus að fjárfesta í fjölbreyttum og ábyrgum verkefnum sem leggja áherslu á rekjanleika og mælingar. Þá leggjum við áherslu á að fjárfestingin skili sér innanlands eða til samfélaga sem eru einstaklega viðkvæm fyrir afleiðingum loftslagsbreytinga. Við höfum fjárfest í eftirfarandi fjórum verkefnum með öðrum dótturfélögum Haga auk þess sem Bónus hefur tekið þátt í að safna birkifræjum í þeim tilgangi að rækta upp birkiskóga á Íslandi.

### YGG Carbon

Íslenskt skógræktarverkefni sem hefur hlotið vottun frá iCert í samræmi við Skógarkolefnisstaðalinn. Í samvinnu við önnur dótturfélög Haga var fjárfest í 615 vottuðum kolefniseiningum í bið úr verkefni YGG við Hvanná á Jökuldal sem munu raungerast á árunum 2032 til 2072 samhliða því sem skógurinn vex.

### Bio-Logical

Binding kolefnis með framleiðslu lífkola úr hnetuskeljum í Kenía. Verkefnið hefur tengingu við matvælaframleiðslu þar sem lífkol eru notuð til að auðga jarðveg til ræktunar. Áætlaður varanleiki bindingarinnar er a.m.k. 100 ár, en gæti numið margfalt því. Verkefnið er vottað af puro.earth. Í samvinnu við önnur dótturfélög Haga var fjárfest í 82 vottuðum kolefniseiningum sem munu raungerast á þessu ári.

### Running Tide

Kolefnisbinding sem fer fram með því að útbúin eru kolefnisflothyliki úr timbri, kalksteini og þörungum sem fleytt er á rúmsjó þar sem þau sökkva djúpt til sjávar. Áætlaður varanleiki bindingarinnar er þúsundir til

milljón ár. Kolefniseiningar Running Tide eru óvottaðar sem stendur, enda hefur ekki verið til vottunarrámmi fyrir þessa tegund verkefna sem er ný af nálinni. Verkefnið hefur þó verið tekið út af óháðum þriðja aðila.

### SoGreen

Verkefnið snýr að því að tryggja allt að 200 stúlkum í Sambíu fulla fimm ára gagnfræðiskólamenntun. SoGreen hefur þróað aðferðarfræði og reiknilíkan sem magngreinir loftslagsávinning þess að auka menntunarstig stúlkna í þróunarríkjum í tonnum af koltvísýringsígildum. Kolefniseiningar sem SoGreen framleiðir eru óvottaðar sem stendur, en unnið er að vottun þeirra ásamt skráningu í loftslagsskrá International Carbon Registry. Í samvinnu við önnur dótturfélög Haga var fjárfest í 365 óvirkum kolefniseiningum.

### Söfnun birkifræja

Bónus er aðalstyrktaraðili verkefnis Landgræðslunnar og Skóg-ræktarinnar um að safna og sá birkifræjum til að rækta upp birkiskóga á Íslandi. Hægt er að nálgast söfnunarbauka í öllum verslunum Bónus. Söfnun birkifræja er skemmtilegt fjölskylduverkefni og að tína birkifræ er holl og góð hreyfing en að lokinni frætíslu er hægt að skila fræjum í fræsöfnunarkassa í Bónusverslunum. Þeim fræjum sem er safnað er svo sáð í örfoka land víða um Ísland.

Með því að klæða örfoka landsvæði birkiskógi stöðvast kolefnislosun og binding hefst í staðinn. Átakið snýr að bæði loftslags- og umhverfisvernd og er liður í því að útbreiða á ný birkiskóglendi sem þakti a.m.k. fjórðung landsins við landnám en þekur einungis 1,5% lands í dag. Markmið stjórnvalda er að birki vaxi á fimm prósentum landsins árið 2030. Það er í senn metnaðarfullt og mikilvægt starf að auka þekju birkiskóga og birkikjarrs í 5% og því er mikilvægt að virkja sem flesta til þátttöku.



## Nýtt og betra flokkunarkerfi

Við höfum haldið áfram að innleiða nýja og endurbætta flokkunaraðstöðu fyrir viðskiptavinini í öllum verslunum Bónus. Þar geta viðskiptavinir okkar flokkað bylgjupappa, pappír, rafhlöður, matarleifar/lífrænt, málma, plastumbúðir, gler með skilagjaldi og plast með skilagjaldi.

Á síðustu árum höfum við unnið markvisst að því að auka flokkun á starfsstöðvum Bónus til að hámarka endurvinnslu- og endurnýtingarmöguleika hversrar verslunar og auðvelda viðskiptavininum þátttöku í flokkun og endurvinnslu úrgangs. Bónus notast við merkingakerfi FENÚR ([www.fenur.is](http://www.fenur.is)) en merkingar úr kerfinu má sjá hér til hliðar.

## Framúrskarandi árangur í flokkun

Stóran hluta samdráttis í losun Bónus má rekja til árangurs á sviði úrgangsmála. Við höldum áfram að bæta í þegar kemur að flokkun úrgangs og óhætt er að segja að verulegur árangur hafi náðst í flokkun úrgangs á síðustu árum. Hlutfall flokkaðs úrgangs hefur farið úr 70,6% á árinu 2019 og upp í 78,4% á árinu 2023. Óflokkaður úrgangur dróst einnig saman þrátt fyrir aukin umsvif vegna aukinnar sölu og framkvæmda við nýjar verslanir. Þrjár bestu búðirnar í flokkun 2023 voru Túngata með 87,4%, Fitjar með 87,1% og Bjarkarholt með 86,0%. Markmið Bónus er að ná hlutfalli flokkaðs úrgangs upp í 82% fyrir árið 2027.

- Hlutfall flokkaðs úrgangs fór úr 77,8% árið 2022 og í 78,4% árið 2023.
- Hlutfall endurunnins úrgangs fór úr 77,8% árið 2022 og í 81,0% árið 2023.
- Magn óflokkaðs úrgangs til urðunar lækkaði um 33,6% á milli árana 2019 og 2023. Árið 2019 fóru 893.542 kg í urðun en 593.572 kg árið 2023.

Meðhöndlun úrgangs	Eining	2019	2020	2021	2022	2023
Flokkaður úrgangur	Kg	2.140.855	2.352.441	2.244.444	2.388.891	2.452.265
Óflokkaður úrgangur	Kg	891.210	758.753	654.380	681.758	677.112
Urðun / förgun	Kg	893.542	748.183	652.520	681.770	593.572
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	70,6%	75,6%	77,4%	77,8%	78,4%
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	70,5%	75,9%	77,5%	77,8%	81,0%



## Umhverfissvænni orkumiðlar

Við gerum okkur grein fyrir því að mikla raforku þarf til að reka verslanir okkar og hefur ýmislegt verið gert til að draga úr slíkri orkunotkun. Unnið er markvisst að því innan verslana Bónus að skipta yfir í umhverfissvænni orkumiðla og orkusparandi perur (LED) í rekstri verslana. Að sama skapi byggja allar nýjar og endurhannaðar matvöruverslanir Bónus á grænni grunni þar sem einungis er notast við íslenskan og umhverfissvænni kælimiðil í stað freons áður. Kerfið er talið fremst á sviði umhverfissvænnu kælikerfa og er auk þess sjálfbært og öruggt. Vélbúnaður kerfisins nýtir orkuna betur og allir kælar og frystar eru lokaðir, sem tryggir jafnara hitastig og þar af leiðandi betri gæði og endingu frystivara. Kolsýruvæddar verslanir Bónus fóru úr 25% í 33% á árinu 2023. Ný LED lýsing, ásamt lokum á kæla og frysta hefur hingað til sparað verslunum allt að 50% af rafmagni og þeim kostnaði sem rafmagninu fylgir.

Yfirfærsla á þessum umhverfissvænnu orkumiðlum er því ekki einungis umhverfissvæn, heldur stuðlar hún einnig að sparnaði í rekstri sem er alltaf markmið Bónus. Stöðugt er unnið að endurnýjun og uppsetningu kerfanna, ásamt því að skipta yfir í LED lýsingu innan verslana. Á árinu 2023 var lýsingu skipt út í verslun á Ísafirði að hluta en jafnframt er notast við LED lýsingu í nýju versluninum í Norðlingaholti, Miðhrauni og í Holtagörðum.


## Hjólagrindur við verslanir

Eitt af samfélagsverkefnum Bónus er að koma fyrir hjólagrindum við verslanir til að auðvelda viðskiptavinum að nota umhverfissvænnar samgöngur þegar kemur að verslunarferðum. Á árinu 2022 settum við upp hjólagrindur við verslanir okkar í Skipholti, Granda og Smáratorgi og á árinu 2023 bættist við hjólagrind við verslunina á Nýbýlavegi og við nýju verslunina í Norðlingaholti. Fleiri verslanir bættast við í framhaldinu en ætlunin er að koma fyrir hjólagrindum við allar verslanir Bónus.

## Líffræðilegur fjölbreytileiki

Mikil vitundarvakning hefur átt sér stað í þessum málaflokki á síðustu árum. Þótt þekking á áhrifum Bónus á líffræðilega fjölbreytni sé enn nokkuð takmörkuð, er það þekkt að matvælaframleiðsla getur haft neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika á sama tíma og slík framleiðsla reiðir sig að miklu leyti á hann.

Bónus vinnur að því að auka hlutfall söluvara sem hafa vottun um lífræna eða sjálfbæra framleiðslu. Þótt vottanir séu ekki fullkomnar má leiða að því líkur að vara sem hafi slíka vottun sé ólíklegri en ella til að hafa neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni.





Frá stofnun Bónus hefur það alltaf verið markmið í okkar rekstri að halda matarsóun í lágmarki því hlutverk Bónus er að koma vörum frá framleiðendum til neytenda á sem hagkvæmasta hátt.

Allur ferskur kjúklingur, ferskt lambkjöt (ókryddað) og nautkjöt sem selt er í Bónus er með innbyggt afsláttarkerfi á umbúðum sínum, svokallað "databar" sem gefur sjálfkrafa afslátt við kassann þegar líftími vörunnar er að renna út. Afslátturinn nemur 30% daginn fyrir síðasta sölundag og 50% fyrir síðasta neysludag. Með þessu kerfi hafa viðskiptavinir hjálpað okkur að takmarka sóun verulega og notið þess í lægra verði um leið.

Bónus veitir einnig birgjum daglegar söluupplýsingar fyrir hverja vörutegund, brotið niður á hverja verslun og þannig fá birgjar góða yfirsýn yfir sölu og birgðir í öllum verslunum Bónus sem leiðir af sér minni matarsóun.

Samtala lífræns úrgangs og matarleifa var 220.932 kg 2022 en 213.186 kg 2023 sem er 3.5% lækkun milli ára þrátt fyrir aukningu í umsvifum. Almennur blandaður úrgangur var 626.578 kg 2022 en 543.662 kg 2023 og lækkaði um 13.2% á milli ára.

Bónus hefur verið í samstarfi við systurfyrirtæki sitt, Banana um aukið gæðaeftirlit í verslunum sem tryggir t.d. að nýir

ávextir séu ekki settir ofan á gamla þannig að gamlir skemmist undir þeim. Þá má geta þess að árið 2023 pakkaði starfsfólk Bónus um 70 tonnum af útlitsljótu grænmeti og ávöxtum í svokallaða matarávaxtapoka til þess að takmarka matarsóun.

Aðgerðir Bónus síðustu ár í þágu umhverfisins gera neytendum auðveldara að flokka heimilisúrgang sem þýðir að minna fellur til af óendurvinnanlegum úrgangi sem samrýmist markmiðum um að draga úr hvers kyns losun.

Á árinu 2023 tókum við þátt í sérsöfnun á matarleifum sem hófst á suðvesturhorni Íslands, en söfnunin var liður í að stuðla að aukinni flokkun heimila. Bréfpokum undir matarleifar var dreift frítt til íbúa samhliða nýju kerfi og Bónus var með bréfpoka frammi í öllum sínum verslunum.

Við leggjum okkar lóð á vogaskálarnar með því að vera í hvívetna vakandi fyrir því að minnka matarsóun og fylgja eftir þeim góða árangri sem við höfum náð á síðustu árum.



# Starfsfólkið

## Jafnlaunastefna

Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu Bónus og er henni ætlað að tryggja öllum starfsmönnum sem starfa hjá fyrirtækinu jöfn tækifæri eins og kveðið er á um í lögum og stjórnarskrá um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Markmið stefnunnar er að tryggja að allt starfsfólk hafi jöfn tækifæri og koma í veg fyrir hvers konar mismunun.

Bónus hefur innleitt jafnlaunakerfi sem nær til allra starfsmanna og er ætlað að framfylgja settum stefnumiðum. Jafnlaunakerfið var innleitt og því er viðhaldið í samræmi við jafnlaunastaðalinn ÍST 85.


Launamunur fór úr því að vera 2,1%, árið 2022 og niður í 0,2% 2023, körlum í hag.

## Jafnlaunamarkmið Bónus

1. Bónus er vinnustaður þar sem bæði karlar og konur eiga jafna möguleika til starfa.
2. Bónus er vinnustaður þar sem allir, óháð kyni, njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.
3. Bónus er vinnustaður þar sem starfsfólk getur samræmt vinnu og einkalíf.
4. Bónus gætir þess að allt starfsfólk hafi sömu tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.
5. Bónus líður ekki einelti, fordóma, kynbundið ofbeldi, kynbundna eða kynferðislega áreitni.

## Jafnlaunavottun

Bónus er með jafnlaunavottun og heimild Jafnréttisstofu til að nota jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins. Það var BSI á Íslandi, sem sá um úttekt á jafnlaunakerfi Bónus og vottaði að jafnlaunakerfið uppfyllti öll skilyrði jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Jafnlaunakerfið nær til allra starfsmanna Bónus og byggir á skilgreindu verklagi til að tryggja að ákvarðanir um laun séu byggðar á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun.



JAFNLAUNAVOTTUN  
2022-2025



### Starfsfólk Bónus

Bónus er oft fyrsti vinnustaður ungs fólks og því viljum við taka vel á móti starfsfólki svo það nái að vaxa og dafna í starfi og taki gott verklag með sér áfram. Ef fólk skarar fram úr á það mikla möguleika á að ná langt innan veggja fyrirtækisins enda margir stjórnendur hjá Bónus sem hafa unnið sig upp í sínar stöður. Markmið Bónus er að stuðla að jafnrétti og jöfnum tækifærum með tilliti til kyns, kynþáttar, trúarbragða eða öðrum forsendum sem gætu haft áhrif á jafnrétti. Hlutfall kvenna er um 42% og karla um 58% og starfsfólk Bónus er af 37 mismunandi þjóðernum og því mikill fjölbreytileiki í hópi starfsfólks sem er um 1100 talsins.

### Fræðsla og þjálfun

Starfsmannþjálfun er mjög mikilvægur þáttur í okkar starfi því við viljum tryggja að fólki líði vel og viti til hvers er ætlast af því, þannig myndum við jákvæðan og góðan vinnustað sem skilar sér í betri þjónustu við okkar viðskiptavini. Við leggjum áherslu á mannleg samskipti, gott verklag og að starfsfólkið nái góðu valdi á sínu starfshlutverki. Við gerum það með verklegri þjálfun og fræðslu á starfsstöðum okkar um allt land. Við starfrækjum Bónusskólann einu sinni í mánuði en þar fær starfsfólk fræðslu um allt sem viðkemur Bónus. Einnig eru reglulegir fundir og fræðsla í gegnum fjarfundi ásamt því að nýta samskiptaforritið Workplace. Unnið er að samskiptasáttmála innan Bónus þar sem við munum leggja áherslu á öryggi og líðan starfsfólks með skýrum og jákvæðum samskiptum innan Bónus.

### Heilsa og vinnuvernd


Bónus hvetur starfsfólk til hollustu og heilbrigðs lífennis. Við bjóðum starfsfólki okkar líkamsræktarstyrk og aðgengi að ávöxtum og grænmeti á vinnutíma.

### Atvinna með stuðningi

Við höfum um árabil verið virkur þátttakandi í „Atvinna með stuðningi“ verkefninu sem unnið er í samstarfi við Vinnumálastofnun. Við erum einn stærsti vinnustaður AMS á Íslandi og í dag vinna um 40 manns hjá okkur sem hófu störf fyrir tilstilli þessa frábæra samstarfs Bónus og Vinnumálastofnunar. Verkefnið gengur út á að veita fólki vinnu sem er með skerta starfsgetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar. Með samstarfinu er lögð áhersla á góða samvinnu þar sem færni starfsmannsins er höfð að leiðarljósi. Nýlega byrjuðum við einnig samstarf við flóttamannadeild Vinnumálastofnunar og er tilgangur þess að veita ungu fólki í viðkvæmri stöðu tækifæri til að vinna og auka enn á fjölbreytni í hópi starfsfólks Bónus.

### Atvinnutengt nám

Bónus hefur einnig boðið til sín nemendum úr 9. og 10. bekk grunnskóla í atvinnutengt nám. Þetta nám hefur hentað nemendum með námsleiða, námserfiðleika eða þeim sem vilja tilbreytingu frá námsbókunum og þannig kynnast betur hvernig er að vera á vinnumarkaði. Síðustu þrjú ár hefur Bónus einnig verið með nema frá HÍ í starfsnámi á skrifstofu Bónus þar sem þau fá að taka þátt í markaðsmálum Bónus, hefur það verið afar ánægjulegt samstarf.



## Bónus er vinnustaður í fremstu röð 2023

Annán hvern mánuð sendum við út könnun í gegnum Moodup til að kanna starfsánægju starfsfólks með einföldum og þægilegum hætti. Allir starfsmenn fá SMS-skilaboð og eiga að svara 3-4 spurningum um vinnustaðinn og líðan. Þetta er öflugt tól sem hjálpar okkur að fylgjast með, grípa inn í ef eitthvað má betur fara og efla starfsánægju starfsfólks. Við erum með háleit markmið næstu ár og stefnan er að auka enn frekar starfsánægju hjá okkar starfsfólki.



Bónus er á meðal þeirra vinnustaða sem uppfylla skilyrði Moodup til að hljóta viðurkenninguna “Vinnustaður í fremstu röð árið 2023.”

### Skilyrðin eru þrjú talsins:

- 1) Mæla starfsánægju a.m.k. einu sinni á ársfjórðungi
- 2) Bregðast við endurgjöf sem starfsfólk skrifar, og
- 3) Ná árangursviðmiði um starfsánægju samanborið við aðra íslenska vinnustaði.

Með því að uppfylla þessi skilyrði hefur Bónus sýnt í verki að stjórnendur hlusta á starfsfólk, sýna í verki að álit þess skiptir máli, og ná árangri þegar kemur að því að auka og viðhalda hári starfsánægju.

Viðurkenningin staðfestir þannig að Bónus hugsar vel um starfsfólk sitt og tryggir því framúrskarandi starfsumhverfi.



### Hreppstjórinn í Bónus

Auðunn Pálsson, betur þekktur sem hreppstjórinn Bónus, hefur lagt ástriðu sína í uppbyggingu Bónusverslana í árána rás og enginn þekkir verslanirnar betur hann. Hann hefur fylgt þróuninni, tekið þátt í allri uppbyggingu og breytingum sem hafa átt sér stað í tæplega þrjátíu ár og geri aðrir betur.

Vert var að spjalla við Auðunn um tilurð þess að hann hóf störf hjá Bónus og árin hans í ljósi þess að hann fagnaði 65 ára afmæli á dögnum eða þann 10. október síðastliðinn, en hann hefur starfað hjá Bónus frá árinu 1995.

Auðunn fæddist á Borg í Miklaholtshreppi og ólst upp á Snæfellsnesi. Hann lærði húsasmíði og er með meistara réttindi og byggingastjóraréttindi og sér um uppbyggingu fasteigna og tækja fyrir allar Bónusverslanir landsins. „Ég sé m.a. um uppsetningu á nýjum búðum og tækjum um allt land. Þetta er mjög gefandi og skemmtilegt starf og það er sérstaklega gaman að fara út á land í búðirnar þar.“

„Ég sá auglýst starf Mogganum við vörudreifingu í ágúst 1995, var þá nýbúinn að selja bújörðina mína Borg í Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi og setti inn umsókn hjá Teiti Lárussyni í Austurstræti. Það var lítið að gera fyrir húsa-smíðameistara á þessum tíma. Það er ein setning í umsókninni sem gerði held ég gæfu muninn, „úrræða góður með afbrigðum“. Síðan leið nokkur tími og Teitur hafði samband við mig og bað mig að hitta Guðmund Marteinson í Bónus sem var ný orðinn rekstrarstjóri sex verslana Bónus.. Ég man að hann hafði haft orð á því hvað skriftin væri falleg enda hefði konan mín skrifað umsóknina en ég var reyndar ókvæntur og

konulaus á þessum árum. Handskrifað af mér í miklum flýti og renndi umsókninni undir hurðina í Austurstræti hjá Teiti. Eftir viðtal við Guðmund var ég síðan ráðinn í lok ágúst 1995.“ segir Auðunn og bætir við að það hafi verið mikið gæfuspor.

Ástríða Auðuns fyrir starfi sínu hefur ávallt verið til staðar og verkefni hans hafa þróast og breyst í árána rás. „Fyrst var ég ráðinn í að skipuleggja vörudreifingu í þessar sex búðir og þá voru tveir nýir bílar á leið til landsins frá Ræsi. Síðan fjölgaði búðunum á þessum árum um fjórar til fimm. Á daginn vorum við tveir sem sáum um vörudreifinguna frá því eldsnemma a morgnana en síðan tóku aðrir við bílnum og dreifðu í búðirnar á kvöldin og nóttunni.

En um mitt ár 1999 var ég orðinn þreyttur á þessum langa 12-14 klst vinnutíma og vildi komast í eðlilegri vinnutíma. Þá var ég ráðinn í uppsetningu og viðhald verslana. Fyrsta verslunin sem ég sá um var Bónus Kjörgarður. Eftir það fór boltinn að rúlla, Bónus í Mosó við Þverholt og taka tvö á Akureyri haustið árið 2000. Ég hafði mikinn áhuga á byggingavinnu og framkvæmdum almennt sem kom sér vel í þessu starfi. Síðan hefur þetta verið endalaus uppbygging á verslunum Bónus. Það gekk vel að fá iðnaðarmenn til starfa um allt land og allir voru á sömu línu að byggja upp Bónus verslanir um allt land. Síðan varð ég byggingarstjóri á mörgum verkum og er enn skráður fyrir þeim næstu árin.

Mér hefur ávallt þótt þetta spennandi starf og svo er ennþá. Ég hef alltaf átt gott samstarf við mína iðnaðarmenn og hönnuði. Ætli að ég sé ekki búinn að setja upp, breyta eða stækka svona 50-60 starfsstöðvar gegnum tíðina fyrir Bónus.“ segir Auðunn og hlær.





**Neytendur**

### Vörulína með merki Bónus

Bónus hefur frá stofnun boðið viðskiptavinum sínum lægsta mögulega matvöruverð á Íslandi. Það er Bónus mikilvægt að halda því trausti sem almenningur hefur sýnt verslunarkeðjunni í gegnum árin og eitt af leiðarljósum Bónus hefur ávallt verið að hafa álagningu sem lægsta.

Eitt stærsta samfélagsverkefni Bónus frá stofnun hefur verið að bjóða sama lága verðið um land allt og hefur Bónus haft afgerandi áhrif á vöruverð til íbúa og annarra viðskiptavina í þeim bæjarfélögum þar sem Bónus er með starfsemi.

Á síðasta rekstrarári var lögð sérstök áhersla á að lágmarka verðhækkanir frá birgjum, en fordæmalausar verðhækkanir á aðföngum á undanförunum misserum hafa haft veruleg áhrif á verðbólgu sem hefur verið há í sögulegu samhengi. Hagar efndu af þessu tilefni til samtals við framleiðendur og birgja þar sem tekin var skýr afstaða gegn óhóflegum verðhækkunum sem væru umfram aukinn kostnað. Góð samstaða myndaðist og margir samstarfsaðilar hættu við eða slógu af fyrirhuguðum verðhækkunum. Var þetta jafnframt mikilvægt skref til að ná sátt um grundvöll þeirra kjarasamninga sem gerðir voru fyrr í vor.

### Bónus vörur

Til að koma til móts við breyttar neysluvenjur viðskiptavina hefur vöruúrval Bónus aukist til muna með hverju ári. Í dag er Bónus með yfir 6.000 vörunúmer í verslunum sínum. Vöruúrvalið er því mjög fjölbreytt og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í hillum Bónus. Þrátt fyrir aukið vöruúrval hefur Bónus aldrei kvikað frá upprunalegri hugmyndafræði sinni, að selja gæðavörur á lægsta mögulega verði.

Í viðleitni okkar til að tryggja lægsta vöruverðið höfum við verið með vörulínu sem ber merki Bónus en þessi vörulína hefur verið að stækka jafnt og þétt síðustu árin.

Nú eru um 250 Bónusvörur hluti af vörulínunni en nánast allar vörurnar eru framleiddar á Íslandi eða þeim pakkað hér á landi. Bónus vörulínan nær yfir flest allar hefðbundnar matvörur til heimilishaldsins og eru oftast mest seldu vörurnar í Bónus í hverjum flokki. Bónusréttirnir og Bónussúpurnar eru dæmi um vel heppnaða vörulínu sem slegið hefur í gegn.







## Ný verslun Bónus í Holtagörðum

Bónus opnaði nýja matvöruverslun í Holtagörðum, laugardaginn 22. júlí. Nýja verslunin er um 2.500 fm að stærð eða 40% stærri en gamla verslunin sem nú hefur verið lokað. Verslun Bónus hefur verið í Holtagörðum frá árinu 1994.

Mikil áhersla er lögð á að verslunin sjálf skilji eftir sig eins lítið kolefnisspor og hægt er. Til að mynda eru kælar og frystar lokaðir og keyrðir áfram af ísum umhverfisvænni íslenskum kælimiðlum í stað freons. Verslunin er lýst upp með LED ljósum sem nota allt af 50% minna rafmagn en hefðbundin ljós og endast líka mun betur. Eins má geta þess að hillur verslunarinnar eru að mestu leyti smíðaðar á Íslandi eða endurnýttar úr öðrum verslunum Bónus.

Við kveðjum gömlu Bónus verslunina með söknuði en hún hefur þjónað okkur og okkar viðskiptavinum vel til margra ára. Nýja verslunin er búin öllu því nýjasta sem verslanir Bónus hafa upp á að bjóða eins og t.d. GRIPIÐ & GREITT, sjálfsafgreiðslu í bland við hefðbundna afgreiðslukassa og betri sorpflokkunaraðstöðu til þess að hægt sé að endurnýta sem mest af þeim umbúðum sem falla til í okkar rekstri

## Bónus opnar verslun í Norðlingaholti

Ný matvöruverslun Bónus var opnuð laugardaginn 3. júní að Norðlingabraut 2 í Norðlingaholti. Verslunin er rúmlega 1.800 fermetrar og er byggð á grænum grunni eins og allar nýjar og endurbættar Bónus verslanir. Sem dæmi er notast við íslenska CO2 kælimiðla fyrir kæli- og frystivélar en einnig eru LED lýsingar sem spara orku í allri versluninni bæði að innan og utan ásamt orkusparandi frysti- og kælitækjum.

Við erum afar ánægð með nýju verslunina á Norðlingaholti og að fá að þjónusta þetta myndarlega hverfi sem er á jaðri Reykjavíkurborgar. Gott aðgengi er að versluninni með fjölda bílastæða og einnig sérstök stæði fyrir fjölskyldur. Vöruúrval verslunarinnar er hnitmiðað að okkar mati og á sama lága verðinu og er í Bónus um allt land.

## Miðhrauni í Garðabæ

25. nóvember opnaði Bónus nýja verslun í Miðhrauni í Garðabæ. Um er að ræða Bónus verslun númer 33 og samtals er verslunin 2.300 fermetrar.

Verslunin inniheldur allar nýjungar sem að Bónus hefur upp á að bjóða og má þar nefna GRIPIÐ & GREITT sem gerir viðskiptavinum kleift að versla í matinn beint í pokann og greiða svo fyrir vörurnar í sjálfsafgreiðslu. Þess má geta að flestar hillurnar eru annaðhvort smíðaðar hér á landi eða endurnýttar úr öðrum verslunum Bónus.

Við erum afar stolt af þessari nýju verslun okkar í Miðhrauni en við hönnun verslunarinnar var hugað vel að því að hver fermetri væri nýttur á sem bestan hátt, kælar verslunarinnar eru stórir og rúma vel þær íslensku framleiðsluvörur sem skipa mjög stóran sess í vöruvali okkar, sérstaklega íslenskar landbúnaðarvörur. Svo er verslunin í alfaraleið hvort sem er fyrir Garðbæinga og Hafnfirðinga eða alla þá sem eiga leið um svæðið. Bónus er ávallt með umhverfið í öndvegi og reynum við að skilja sem minnst umhverfisfótspor eftir okkur.

### Sólargeislinn Amanda í Holtagörðum

Amanda Rós Zhang hefur unnið í Bónus í tólf ár og er þekkt fyrir glaðværð og þýtt viðmót á kassanum í Holtagörðum, þar sem hún mætir viðskiptavinum ávallt með sólskinsbros á vör. Við mæltum okkur mót við Amöndu á kassanum í Íslandi í dag í fyrradag.

Þeir sem leggja leið sína í búðina að staðaldri þekkja eflaust flestir hina lágvöxnu og upplitsdjörfu Amöndu í sjón - hafa jafnvel oft spjallað við hana um daginn og veginn.

Amanda er 54 ára og býr í Breiðholti með syni sínum og kærustu hans. Hún á einnig ættleidda dóttur sem býr í Kína ásamt barni sínu - og Amanda því orðin amma. Amanda kom til Íslands skömmu eftir aldamót með páverandi manni sínum en leiðir þeirra skildu. „Sumt fólk er bara vandamál!“ segir Amanda kímín.

Það hafi þó alls ekki alltaf verið auðvelt að búa á Íslandi. En hún tileinkaði sér snemma ákveðna lífsspeki sem hefur reynst henni vel í leik og starfi; að taka öllum sem hún hittir með opnum örmum, elska náungann og einblína alltaf á það góða.

„Þú ert Jesús, ég er Búdda. Ég læri mikið af Búdda. Læri að vera góð, opin, elska fólk. Ef þú ert góður við fólk, þá er fólk líka gott við þig. Ef þú brosir fyrir fólk, þá brosir fólk líka fyrir þig.“ segir Amanda.





Árið 2023 settum við af stað nýja þægilega sjálfsafgreiðslulausn GRIPID & GREITT. Lausnin notast við handhægan skanna sem farið er með í gegnum verslun og vörur skannaðar jafnóðum ofan í pokann/körfunu. Þetta er mikil hagræðing í því að þurfa ekki að meðhöndla vöruna mörgum sinnum. Þetta er ein stærsta innleiðing á tæknilausn sem Bónus hefur ráðist í og eru núna fimm verslanir komnar með GRIPID & GREITT, sem eru Bónus verslanirnar í Holtagörðum, Grafarvogi, Smáratorgi, Miðhrauni og Norðurtorgi á Akureyri.

Þúsundir viðskiptavina nýta sér GRIPID & GREITT tæknina í verslunum Bónus í hverjum mánuði og þetta hefur leitt af sér styttri verslunarferðir fyrir þá viðskiptavini því meðaltími afgreiðslna er um 20% styttri en ef greitt er á afgreiðslukassa. Þessar góðu móttökur viðskiptavina hvetja okkur til þess að próa enn frekari GRIPID & GREITT tæknina á árinu 2024.

Mjólk, brauð, kjúklingabringur, sýður rjómi, grænmeti og sælgæti. Viðskiptavinurinn rennir vörum fyrir ljósgeisla skannans, setur í körfuna og röltir síðan að afgreiðslu-

kassa. Gengur þar frá viðskiptunum með nokkrum smellum og skipunum og fer síðan út. Þægindin sem í þessu felast eru að nú skannar fólk vöruna og setur beint í poka. Getur síðan gengið út eftir að hafa greitt fyrir með korti eða síma. Með þessu losnar fólk við að setja vöruna fyrst í körfu, svo á beltakassa og tína loks í innkaupapoka. Mun fleiri hafa nýtt sér þessi þægindi en við væntum upphaflega.

GRIPID & GREITT skanninn er tengdur við Bónus appið, þar sem hægt er að skoða vöruúrvalið, gera innkaupalista, skoða kvittanir og innkaupasögu. Hægt er að vera með sameiginlega innkaupalista í appinu þar sem að allir fjölskyldumeðlimir geta bætt við listann eftir þörfum. Einnig er líka alltaf verið að próa og bæta virkniina í appinu til að gera verslunarferðina og skipulag matarinnkaupa heimilisins enn þægilegri og hagkvæmari.



**GRIPID & GREITT**  
- beint í pokann





# Samfélagið

## Uppsprettan 2023

Uppsprettan er nýsköpunarsjóður á vegum Haga en öll dótturfélögin taka þátt í starfi sjóðsins. Tilgangurinn er að styðja frumkvöðla til nýsköpunar og þróunar í íslenskri matvælaframleiðslu. Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á stuðning við frumkvöðlaverkefni sem að taka tillit til sjálfbærni við framleiðslu, flutning og pökkun og styðja við innlenda framleiðslu.

Á árinu 2023 bárust sjóðnum tæplega fjörutíu umsóknir um styrk og valdi matsnefnd 12 verkefni til styrkveitingar. Heildarverðmæti styrkja á árinu 2023 voru 15 milljónir króna.

Uppsprettan veitir frumkvöðlum ekki bara fjárhagslegan styrk til nýsköpunarverkefna heldur býr Bónus yfir mikilli reynslu og þekkingu í verslun, innflutningi og framleiðslu á matvælum. Starfsfólk Bónus hafa veitt fjölda verkefna sem hlotið hafa styrk frá Uppsprettni ýmiskonar ráðgjöf í tengslum við framleiðslu, dreifingu og sölu. Slagorð Uppsprettnar er *"Virkjum kraftinn og gerum það saman."* Það er okkar hugsjón að kraftur frumkvöðla með stuðningi og þekkingu starfsfólks Bónus leiði af sér nýjar hugmyndir sem að stuðli að grósku í sjálfbærari framleiðslu í matvælaíðnaði landsmönnum öllum til góða.



Styrkhafar Uppsprettnar 2023

## Styrkhafar Uppsprettnar 2023

### Arctic pies

Er frumkvöðlafyrirtæki sem framleiðir fyrst og fremst bökur að áströlskum hætti. Bökurarnar eru gerðar alveg frá grunni úr smjördeigi og til eru mismunandi gerðir, t.d. kjötbökur, grænmetis/vegan og sætar bökur. Bökurarnar hafa verið seldar á matarhátíðum við miklar vinsældir og verða núna seldar í verslunum.

### Casa italia

Er íslenskt frumkvöðlafyrirtæki sem framleiðir íslenskt ferskt pasta og notar auðvitað íslenska vatnið í sína framleiðslu. Þau munu framleiða mismunandi pasta ss: spaghettí, penne, fusilli ásamt fylltu pasta og lasagna.

### Dragon dim sum

Er frumkvöðlafyrirtæki sem hefur verið að selja Dragon Dim Sum „dumplings“ til veitingahúsa. Nú fáum við að njóta þess að kaupa óeldað „dumplings“ ásamt Dragon Dim Sum sósam í verslunum og elda heima, enda eru þeir langbestir nýeldaðir.

### Fimma

Er frumkvöðlafyrirtæki sem framleiðir frostþurrkað ávaxta- og grænmetisduft úr grænmeti og ávöxtum sem annars væru vannýtt. Duftið er ætlað til notkunar í drykki eins og búst og auðveldar fólki inntöku grænmetis og ávaxta sem hjálpar þeim að uppfylla neysluviðmið landlæknis.

### Fine foods islandica

Er frumkvöðlafyrirtæki sem er fyrst á Íslandi til að framleiða þang (seaweed) og nýta það áfram í þróun á kryddum og öðru sem bragðbætir matinn. Þangið er framleitt á umhverfisvænan hátt.

### Hreppamjólk

Fjölskyldubúið Hreppamjólk ætlar að koma með á markað gerilsneyddar og ófitusprengda drykkjarjógúrt án sykurs. Við munum fá að njóta nokkurra bragðtegunda í nýju jógúrtíunni.

### Íslensk sveppasósa

Er frumkvöðlafyrirtæki sem ætlar að þróa úrvals sósublöndu úr villtum vestfirskum sveppum. Þau munu nota bæði lerkí- og furusveppi í sínar vörur.

### Kaja og ebba

Karen frá Kaja organic og Ebba Guðný frá Pure Ebba hafa tekið höndum saman og eru að þróa frosna glútenlausa pizzabotna þar sem brauðblanda Kaju er grunnurinn og uppskriftin kemur frá Ebbu.

### Loki foods

Er frumkvöðlafyrirtæki sem framleiðir matvæli sem líkjast kjöti og fisk úr grænmetisafurðum. Spennandi vöruframboð fyrir vegan og grænkeru.

### Svava sinnep

Er íslenskt matarhandverk sem að grunni er byggt á sænskri sinnepshefð en er að öllu leyti framleidd hér á Íslandi. Nú verður hægt að fá Svövu sinnep í gjafaumbúðum, hin fullkomna tækifærisgjöf.

### Sýra

Er frumkvöðlafyrirtæki sem hefur verið að framleiða íslenskt Kimchi fyrir veitingahús. Nú verður hægt að fá alíslenskt súrsað grænmeti úr íslensku hráefni í verslunum. Fyrsta varan verður sterkt og bragðgott Kimchi.

### Treatalicious

Er frumkvöðlafyrirtæki sem ætlar að bjóða íslenskum hundaeigendum upp á fyrsta flokks nammi fyrir hundana sína. Hundanammið verður framleitt úr hliðarafurðum sláturhúsa.

### Bónus og Blindrafélagið

Allt frá því að Bónus hóf starfsemi árið 1989 hefur fyrirtækið verið stoltur samstarfsaðili Blindravinnustofunnar. Blindravinnustofan gegnir mikilvægu hlutverki í því að skapa blindu og sjónskertu fólki atvinnu en stærsti hluti starfseminnar er þökkun á hreinlætisvörum til endursölu. Bónus selur auk þess dagatal þar sem hagnaður fer í kaup á leiðsöguhundum fyrir blinda og sjónskerta.

### Bónus og Veraldarvinir

Bónus er stoltur samstarfs- og styrktaraðili Veraldarvina en Veraldarvinir eru íslensk sjálfboðasamtök sem setja umhverfismál í öndvegi. Markmið Veraldarvina er að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og betri umgengni manna við umhverfið. Um 1500 sjálfboðaliðar koma til landsins á vegum Veraldarvina árlega og einbeita sér að náttúruvernd, m.a. með því að leggja gönguleiðir og rækta plöntur en einnig með hreinsun íslensku strandlengjunnar.

### Styrkir til íþróttaráróttanna

Við höfum verið iðin við að styðja hvers kyns íþrótt- og æskulýðsstarf. Bónus er styrktaraðili fjölda íþróttafélaga um allt land, þá einna helst í hand-, fót- og körfubolta. Má þar nefna FH, Stjórnuna, Hauka, Gróttu, Reyni Sandgerði, KA, ÍA, Selfoss, Þrótt Vogum, Vestra og Aftureldingu.

### Styrkir til hjálparsamtaka

Bónus styrkir ýmis verkefni og þá sérstaklega hjálparsamtök eins og Hjálparstarf kirkjunnar og mæðrastyrksnefndir um land allt. Flest þessara verkefna hafa verið í gangi lengi. Fyrir jólin höfum við þann háttinn á að þau hjálparsamtök hvort sem um er að ræða góðagerðar, líknarsamtök eða kirkjan kaupa inneignakort hjá okkur og þá komum við með mótframlag sem nemur 10% af þeirri upphæð sem keypt er fyrir. Þetta gildir í nóvember og desember á hverju ári. Árið 2022 nam upphæðin sem Bónus gaf 8 milljónum og alls gaf Bónus 13 milljónir árið 2023.

### Betra aðgengi fyrir aldraða

Við bjóðum upp á sérstakar ókeypis ferðir fyrir aldraða á höfuðborgarsvæðinu í verslanir okkar til að létta þeim umstangið við að komast í matvöruverslun til að versla sér í matinn.



# Af hverju er Ísland svona fátækt?

## Listasýning í Nýlistasafninu

Af hverju er Ísland svona fátækt? er yfirskrift sýningar listamannsins Sæmundar Þórs Helgasonar í Nýlistasafninu. Þar hefur Sæmundur skapað verk sem byggist á viðtölum við vegfarendur í Kringlunni. Sæmundur og Odda Júlía Snorradóttir sýningarstjóri völdu síðan í sameiningu verk úr safneign Nýlistasafnsins sem kveikju að samtali við verk Sæmundar.

„Hugmyndin að baki verkinu er að taka þá ímynd sem Ísland hefur skapað sér út á við, draga hana í efa og tala við fólkið í landinu um fátækt á Íslandi,“ segir Sæmundur. Sæmundur fór í Kringluna fyrir jól og tók viðtöl við fólk, sem valið var af handahófi, og spurði það fjögurra spurninga: Hvað er fátækt? Er fátækt á Íslandi? Hvers vegna?/Hvers vegna ekki? Hvernig getur Ísland risið upp úr fátækt? Í bakgrunni mátti sjá glæsilegar jólaskreytingar Kringlunnar sem óneitanlega minna á ríkidæmi.

Sæmundur segir ýmislegt í svörum fólks hafa komið á óvart. „Það kom mér á óvart hvað fólk var tilbúið að tala um fátækt, sem manni finnst oft vera ákveðið tabú. Það kom líka á óvart hversu sammála fólk var um að hér væri fátækt. Af þeim 25 einstaklingum sem ég talaði við var einungis einn sem sagði að hér fyndist ekki fátækt en það var glettni í svarinu.“

Enn eitt sem kom á óvart í svörunum er að fólk lítur ekki endilega á fátækt sem fjárhagslega heldur líka sem heilsufarslega eða andlega og félagslega. Margir vildu flokka einsemd sem fátækt.

Svörin við því hvers vegna fátækt sé á Íslandi voru á ýmsa vegu. Sumir telja að fátækt sé á ábyrgð einstaklingsins, fólk leiðist út í fátækt vegna fjölskylduvandamála, fíkniefnavanda eða af öðrum ástæðum. Aðrir sjá fátækt sem kerfislegan vanda, sem stjórnvöld eiga að geta fyrirbyggt. Sem listamanni finnst mér meira spennandi að spyrja spurninga í staðinn fyrir að vera með yfirlýsingar, en ef ég má vera með yfirlýsingu hér þá er ég sammála því að fátækt sé kerfislegur vandi. Í fyrra var gerð skýrsla að beiðni Halldóru Mogensen og þar kom fram að það eru um 50.000 einstaklingar sem lifa undir fátæktarmörkum og það eftir bætur. Það kom mér á óvart að í litlu samfélagi eins og okkar þrífist fátækt á meðan landið sjálft er ríkt.“

Svörum viðmælendanna í Kringlunni er dreift á þrjá skjái í sýningarsal Nýlistasafnsins. Verk úr safneigninni voru síðan valin á sýninguna út frá þeim svörum sem fengust í viðtölunum.

Um 600 Bónus-plastpokar eru umgjörð sýningarinnar en þeir eru festir á glugga salarins í reglubundnu mynstri. Plastpokarnir eru festir saman og þegar ljós fellur á þá verða þeir að birtuverki, skapa Bónusbirtu,“ segir Sæmundur.

 **BÓNUS**





# Stjórnarhættir



## Vernd uppljóstrara

Til staðar hjá félaginu eru reglur um vernd uppljóstrara í samræmi við við lög nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara. Reglunum er ætlað að koma á skilvirku úrræði til að koma upplýsingum og/eða gögnum á framfæri um brot á lögum eða ámælisverða háttsemi og styðja og vernda þá sem slíkt gera. Markmið regnanna er að fyrirbyggja misferli og draga úr tjóni sem slíkt kann að hafa í för með sér fyrir samstæðu Haga, viðskiptavini samstæðunnar, samfélagið og aðra hagaðila.

## Spillingar- og mútumál

Í siðareglum Haga og dótturfélaga er lögð áhersla á að stjórn og starfsfólk skuli ávallt fara að lögum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og að fylgt sé þeim reglum sem móðurfélagið setur á hverjum tíma. Kveðið er á um að óheimilt sé að misnota aðstöðu sína í starfi, þannig að fyrirtækið beri skaða af og eru starfsmenn hvattir til að tilkynna næsta yfirmanni ef þeir verða vitni að spillingu eða óreiðu innan Bónus. Siðareglur þessar leggja einnig áherslu á að forða starfsmönnum frá að taka ákvarðanir sem skapað geta hagsmunaárekstra en meginreglan er sú að hagsmunir starfsmanna og Bónus skuli fari saman. Þá er óheimilt að taka við gjöfum, boðsferðum eða annars konar fríðindum frá viðskiptamönnum Bónus nema með samþykki yfirmanns.

## Siðareglur birgja

Bónus leggur ríka áherslu á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð í allri starfsemi sinni og vill láta gott af sér leiða í sátt við umhverfi og samfélag. Siðareglum þessum er ætlað að stuðla að því að Bónus og birgjar fyrirtækisins verði í sameiningu hreyfiafl til góðra verka.

Siðareglur Bónus ná til allra birgja og er birgjum gert að tryggja framfylgd þeirra gagnvart aðfangakeðju sinni.

### 1. Umhverfi

Birgi leggi sig fram við að þekkja bein og óbein áhrif starfseminnar á umhverfið og draga úr neikvæðum áhrifum eftir fremsta megni. Með neikvæðum áhrifum er m.a. átt við losun gróðurhúsalofttegunda, hvers konar mengun, óhóflegan ágang á auðlindir jarðar og athafnir sem stuðla að hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

### 2. Fólk

Birgi fylgi lögum, reglum og alþjóðlegum samningum um vernd mannréttinda. Hvers lags nauðungarvinna, barnaþrælkun eða nútímaþrælahald verður ekki liðin hvorki hjá birgja sjálfum né í aðfangakeðju hans.

Birgi tryggi starfsfólki öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi og fari eftir lögum og reglum viðkomandi lands um aðbúnað og öryggi á vinnustað.

Birgi tryggi jöfn tækifæri starfsfólks og mismuni ekki á grundvelli kyns, kynþáttar, trúarbragða, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, þjóðernis eða annarrar stöðu.

Birgi greiði starfsfólki sínu sanngjörn laun, sem nema í hið minnsta lágmarkslaunum samkvæmt lögum, reglum og/eða kjarasamningum viðkomandi lands.

Birgi styðji félagafrelsi og viðurkenni rétt til kjarasamninga.

### 3. Velferð dýra

Birgjar sem hafa atvinnu af framleiðslu dýraafurða eða sem meðhöndla með öðrum hætti dýr í starfsemi sinni skulu tryggja mannúðlega meðferð dýra og fylgja lögum og reglum um velferð dýra í hvívetna.

### 4. Stjórnarhættir

Birgi stundi eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, viðhafi gott siðferði í viðskiptum og fylgi lögum og reglum í viðkomandi landi.

Reglum um vernd uppljóstrara er ætlað að koma á skilvirku úrræði til að koma upplýsingum um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi á framfæri og styðja og vernda þá sem slíkt gera. Markmið reglnanna er að fyrirbyggja misferli og draga úr tjóni sem slíkt kann að hafa í för með sér fyrir Bónus, viðskiptavinum fyrirtækisins, samfélagið og aðra hagaðila.

## 1. Gildissvið og markmið

Markmið laga um vernd uppljóstrara, nr. 40/2020, er að stuðla að því upplýst verði um lögbrot og aðra ámælisverða háttsemi og þannig dregið úr slíku háttsemi. Lögin gilda um starfsfólk sem greinir frá upplýsingum eða miðlar gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitenda síns.

Reglum um vernd uppljóstrara er ætlað að koma á skilvirku úrræði til að koma slíkum upplýsingum á framfæri og styðja og vernda þá sem slíkt gera. Markmið reglnanna er að fyrirbyggja misferli og draga úr tjóni sem slíkt kann að hafa í för með sér fyrir Bónus, viðskiptavinum, samfélagið og aðra hagaðila.

Reglurnar gilda um alla þá sem starfa eða hafa starfað hjá Bónus, hvort sem um er að ræða starfsmenn, stjórnarmenn, verktaka, starfsnema, tímabundna starfsmenn eða aðra þá sem hafa í störfum sínum aðgang að upplýsingum eða gögnum um starfsemi Bónus vegna hlutverks síns. Í reglum þessum eru framangreindir aðilar jafnan nefndir „starfsmaður“ eða „starfsmenn“.

## 2. Skilgreiningar

Innri uppljóstrun

Með innri uppljóstrun er átt við að starfsmaður greinir frá upplýsingum eða miðli gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitenda síns til aðila innan fyrirtækisins eða til opinbers eftirlitsaðila.

## Ytri uppljóstrun

Með ytri uppljóstrun er átt við að starfsmaður greini frá upplýsingum eða miðli gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitenda síns til aðila utan fyrirtækisins, til dæmis fjölmiðla. Ytri uppljóstrun er að jafnaði ekki heimil nema innri uppljóstrun hafi fyrst verið reynd til þrautar.

## Góð trú

Með góðri trú er átt við að starfsmaður hafi góða ástæðu til að telja gögnin eða upplýsingarnar sem miðlað er vera rétt, það sé í þágu almennings að miðla þeim og að hann eigi ekki annan kost til að koma í veg fyrir þau brot eða þá háttsemi sem um ræðir.

## Ámælisverð háttsemi

Með ámælisverðri háttsemi er átt við háttsemi sem stefnir almannahagsmunum í hættu, til dæmis háttsemi sem ógnar heilsu eða öryggi fólks eða umhverfi, án þess að um sé að ræða augljóst brot á lögum eða reglum.

## 3. Málsmeðferð

### 3.1. Innri uppljóstrun

Starfsmönnum Bónus er heimilt að greina frá upplýsingum eða miðla gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi Bónus til þess aðila sem getið er um í gr. 3.2. hér á eftir eða til lögregluvirkvalda eða annarra opinberra eftirlitsaðila sem við eiga.

Þeim upplýsingum eða gögnum sem starfsmaður kann að miðla við innri uppljóstrun skal aldrei komið til aðila þar sem upplýsingarnar eða gögnin verða gerð opinber.

### 3.2. Tilkynning, móttaka og meðhöndlun innri uppljóstrana

Tilkynningar skulu sendar á netfangið uppljostrun@hagar.is og skal skilmerkilega tilgreint að erindið sé sent á grundvelli laga um vernd uppljóstrara nr. 40/2020. Óskað er eftir að tilkynning sé eins ítarleg og kostur er. Móttakanda upplýsinganna og/eða gagnanna er skylt að stuðla að því að látið verði af hinni ólögmaetu eða ámælisverðu háttsemi eða tryggja að brugðist verði á annan hátt við henni. Móttakandiinn skal einnig greina starfsmanninum, sem miðlaði upplýsingunum og/eða gögnum, frá því hvort upplýsingarnar hafi gefið tilefni til athafna og þá hverra.

Móttakandi upplýsinganna og/eða gagnanna hefur að hámarki 6 virka daga til að taka afstöðu til málsins og skal innan sömu tímamarka upplýsa starfsmanninn um framvindu málsins. Þurfi lengri tíma til að rannsaka og/eða aðhafast í málinu skal greina starfsmanni frá því áður en fyrrnefndur frestur rennur út.

Móttakandi upplýsinganna og/eða gagnanna skal gæta leyndar um persónuupplýsingar sem honum berast um þann sem miðlar upplýsingum og/eða gögnum nema hinn síðarnefndi veiti afdráttarlaust samþykki sitt fyrir því að leynd sé aflétt.

### 3.3. Ytri uppljóstrun

Starfsmanni sem miðlað hefur upplýsingum og/eða gögnum, sbr. gr. 3.2. hér á framan, án þess að það hafi leitt til fullnægjandi viðbragða innan Bónus, er heimilt í góðri trú að miðla umræddum upplýsingum og/eða gögnum til utanaðkomandi aðila, þar á meðal á samfélagsmiðla eða til fjölmiðla, svo fremi sem starfsmaðurinn hefur réttmæta ástæðu til að ætla að um háttsemi sé að ræða sem getur varðað fangelsisrefsingu. Í algjörum undantekningartilvikum þegar miðlun skv. framangreindu kemur af gildum ástæðum ekki til greina er miðlun til utanaðkomandi aðila heimil án þess að innri uppljóstrun hafi átt sér stað. Skilyrði er að miðlunin teljist í þágu svo brýnna almannahagsmuna að hagsmunir Hagasamstæðunnar

verða að víkja fyrir hagsmunum af því að upplýsingum sé miðlað til utanaðkomandi aðila, svo sem til að vernda:

- > öryggi ríkisins eða hagsmuni ríkisins á sviði varnarmála,
- > efnahagslega mikilvæga hagsmuni ríkisins,
- > heilsu manna,
- > umhverfið.

## 4. Vernd uppljóstrara

Miðlun upplýsinga og/eða gagna telst ekki brot á þagnar- eða trúnaðarskyldu sem starfsmaður er bundinn af samkvæmt lögum, samningi eða með öðrum hætti, svo framarlega sem miðlunin uppfylli skilyrði laga nr. 40/2020. Slík miðlun leggur hvorki refsí- né skaðabótaábyrgð á starfsmanninn og getur ekki leitt til stjórnsluviðurlaga eða íþyngjandi úrræða að starfsmannarétti. Framangreind vernd leysir ekki þann starfsmann sem miðlað hefur upplýsingum undan saksókn vegna brota sem hann sjálfur kann að hafa tekið þátt í. Þá nær verndin ekki til þeirra starfsmanna sem miðla vísitandi röngum eða villandi gögnum eða upplýsingum um smávægileg mál, í þeim tilgangi að koma höggi á samstæðu Haga eða aðra aðila. Óheimilt er að láta starfsmann sæta óréttlátri meðferð sem miðlað hefur upplýsingum eða gögnum samkvæmt ákvæðum laga um vernd uppljóstrara. Til slíkrar meðferðar telst til dæmis að rýra réttindi, breyta starfsskyldum á íþyngjandi hátt, segja upp samningi, slíta honum eða láta hvern þann sem miðlað hefur gögnum eða upplýsingum gjalda þess á annan hátt. Brot á því getur varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Komi til ágreinings fyrir dómi um stöðu starfsmanns með tilliti til hvort miðlun hafi verið óheimil eða að starfsmaður er látinn sæta óréttlátri meðferð í kjölfar hennar skal veita starfsmanninum gjafsókn í héraði, fyrir Landsrétti og Hæstarétti. Gjafsókn fellur niður ef sýnt er fram á fyrir dómi að starfsmaður hafi ekki verið í góðri trú þegar upplýsingum var miðlað.

## 5. Varðveisla og öryggi gagna tengd uppljóstrunum

Tilkynningar um hugsanlegt misferli eru varðveittar á öruggan hátt og jafn lengi og lög kveða á um eða lögmætir hagsmunir Haga samstæðunnar krefjast. Hagar gæta þess að öll meðferð persónuupplýsinga samræmist lögum um persónuvernd, líkt og lýst er í persónuverndarstefnu félagsins. Ef uppljóstrun reynist ekki á rökum reist og ekki er tilefni til frekari athugunar mun tilkynningu verða eytt án tafar og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að rannsókn máls lýkur, nema lög kveði á um lengri varðveislutíma.

## Reglum um vernd uppljóstrara er ætlað að fyrirbyggja spillingu og mútur

### 1. Inngangur

Hagar og dótturfélag vilja vera fyrsti valkostur viðskiptavina sinna, góður samfélagsþegn, eftirsóttur vinnuveitandi og ákjósanlegur og öruggur fjárfestingarkostur. Siðareglur þessar gilda um stjórn Haga og allt starfsfólk félagsins og dótturfélaga þess.

Við leggjum áherslu á þarfir viðskiptavina okkar og að við uppfyljum þær á einfaldan og hagkvæman hátt. Við viljum þjóna viðskiptavinum okkar þannig að þeir komi til okkar aftur og aftur. Við erum meðvituð um að orðspor og ímynd fyrirtækisins og traust í okkar garð byggir á frammistöðu okkar hvern dag. Því leggjum við áherslu á að vanda til verka og huga að hverju smáatriði. Við þurfum sjálf að standa vörð um orðspor okkar.

Fyrirtæki Haga eru öll rekin sem sjálfstæð fyrirtæki og hafa ólík rekstrarform og ólíka menningu. Þó er mikilvægt að við séum meðvituð um þær áherslur og gildi sem sameina okkur og gera okkur að því sem við erum. Gildi Haga eru eftirfarandi:

Hagkvæmni	Við leitum stöðugt nýrra leiða til að geta boðið neytendum meira fyrir minna.
Samvinna	Styrkur Haga felst í innbyrðis samvinnu eininganna og uppbyggilegu samstarfi við alla okkar viðskiptavini.
Þjónustulund	Án viðskiptavina væru Hagar ekki til. Við viljum alltaf bæta þjónustu og upplifun þeirra.
Framsækni	Við viljum halda áfram að þróa íslenska verslunarflóru og bjóða neytendum upplifun og gæði í fremstu röð á heimsvísu.

### 2. Lög og virðing

Við leggjum áherslu á að fara ávallt að lögum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og fylgjum þeim reglum sem fyrirtækið setur á hverjum tíma.

Við sýnum hvort öðru virðingu og líðum ekki óréttlæti, s.s. einelti, kynferðislega áreitni eða mismunun vegna ómálefnalega þátta eins og kynferðis, trúar, kynþáttar eða kynhneigðar. Ef við verðum vör við einelti eða óréttlæti, upplýsum við yfirmenn okkar um það samstundis.

Okkur er óheimilt að afhenda út úr fyrirtækinu söluvörur eða annan varning sem ekki hefur verið skrifaður út úr sölukerfum fyrirtækisins og okkur er óheimilt að víkja frá útgefnum reglum varðandi afslætti og greiðsluskilmála til einstaklinga og fyrirtækja. Við afgreiðum okkur ekki sjálf né afgreiðum okkur nákomna. Við tilkynnum yfirmanni okkar ef við verðum vitni að þjófnaði, spillingu eða óreiðu innan fyrirtækisins.

Við notum ekki aðstöðu okkar í fyrirtækinu, svo fyrirtækið beri skaða af. Við misnotum ekki tölvupóst, tölvur, bréfsfni eða nafnspjöld o.fl. með persónulegan ávinning í huga.

### 3. Við gætum trúnaðar

Við erum bundin þagnarskyldu samkvæmt lögum, um hvaðeina sem við verðum áskynja í starfi okkar varðandi viðskiptavini okkar, sem og um starfsemi fyrirtækisins. Við vitum að þagnarskylda helst þrátt fyrir starfslok. Við nýtum okkur ekki trúnaðarupplýsingar til fjárhagslegs ávinnings fyrir okkur sjálf eða aðra. Við förum vel með trúnaðargögn fyrirtækisins og gætum þess að þau séu tryggilega geymd.

### 4. Gjafir og hagsmunir

Við tökum ekki við gjöfum eða annars konar greiðslu eða þjónustu, svo sem boðsferðum, skemmtunum, fríðindum eða greiða nema með samþykki yfirmanns. Gildir það um gjafir frá birgjum, þeim sem óska eftir að eiga viðskipti við fyrirtækið, eða öðrum þeim sem gætu hagnast á ákvörðunum starfsmanna fyrirtækisins.

Við forðumst að taka ákvarðanir sem geta skapað hagsmunaárekstra. Meginreglan er að hagsmunir okkar og fyrirtækisins fara saman. Við þurfum að vera vakandi og taka heiðarlega afstöðu þegar sú staða kemur upp að ákvörðun okkar fylgir persónulegur ávinningur og leita álits yfirmanns í öllum vafamálum.

### 5. Samfélagið og félagsmál

Við tökum öll þátt í félagsstörfum og sinnum samfélagsmálum. Við viljum láta gott af okkur leiða. Við gætum þess þó að háttsemi utan vinnutíma hafi ekki slæm áhrif á starf okkar eða orðspor fyrirtækisins. Stjórnendur og yfirmenn fyrirtækisins þurfa skriflega heimild til þess að stunda launaða vinnu utan fyrirtækisins.

### 6. Góð samskipti

Til þess að bæta árangur okkar og starfsánægju, fylgjum við samskiptareglum og komum fram við hvert annað eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur.

#### Samskiptareglur:

- Við hrósum og hvetjum hvert annað
- Við virðum skoðanir hvers annars
- Við erum hreinskilin
- Við erum jákvæð
- Við baktölum ekki náungann
- Við hlustum hvert á annað
- Við göngum vel um vinnustaðinn okkar
- Við veitum liðsinni ef við sjáum að einhverjum líður illa
- Við fundum reglulega saman og tryggjum þannig góð samskipti
- Við erum létt í lund – húmorinn til staðar

Þannig samþykkt 7. apríl 2022



# Heimsmarkmiðin

Árið 2000 settu Sameinuðu þjóðirnar fram Þúsaldarmarkmið til ársins 2015 sem sneru fyrst og fremst að þróunarríkjunum. Mikill árangur náðist og því var ákveðið að setja ný markmið til ársins 2030 og ná þau til allra ríkja heims.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru svo samþykkt árið 2015. Þau eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og ná bæði til alþjóðasamstarfs og innanríkismála. Þau eru samtengd og órjúfanleg og er þeim ætlað að mynda jafnvægi milli umhverfislegra, efnahagslegra og félagslegra þátta og leiða þannig til sjálfbærrar þróunar. Markmiðin eru algild, sem merkir að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa skuldbundið sig til að innleiða þau bæði innanlands og með alþjóðasamstarfi.

## HEIMSMARKMIÐ Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



### Bónus og heimsmarkmiðin

Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull. Þau krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila til að markmið um sjálfbærni náist fyrir 2030. Við höfum forgangsraðað sex heimsmarkmiðum út frá stefnumiðum Bónus. Þessi sex markmið tengjast kjarnastarfsemi okkar, starfsemi móðurfélagsins og forgangsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar.



### Markmiðin okkar

#### Markmið 2

Ekkert hungur

#### Markmið 3

Heilsa og vellíðan

#### Markmið 5

Jafnrétti kynjanna

#### Markmið 8

Góð atvinna og hagvöxtur

#### Markmið 12

Ábyrg neysla og framleiðsla

#### Markmið 13

Aðgerðir í loftslagsmálum



## Ekkert hungur



Við styðjum við heimsmarkmið 2 um ekkert hungur á eftirfarandi hátt:

- Við styðjum heimsmarkmið 2 með því að gefa inneignarkort fyrir matarkaup í okkar verslunum til hinna ýmsu góðgerðamálefna.
- Við seljum mat sem farinn er að nálgast síðasta neysludag á verulegum afslætti.

## Heilsa og vellíðan



Við styðjum við heimsmarkmið 3 um heilsu og vellíðan á eftirfarandi hátt:

- Bónus er eina matvörukeðjan á Íslandi sem aldrei hefur selt tóbak.
- Við hvetjum starfsfólk til bættrar heilsu og aukinnar vellíðunar með því að veita árlegan líkamsræktarstyrk fyrir starfsfólk.

## Jafnrétti kynjanna



Við styðjum við heimsmarkmið 5 um jafnrétti kynjanna á eftirfarandi hátt:

- Við höfum sett okkur jafnlaunastefnu og jafnréttisáætlun sem miðar að því að tryggja jöfn laun og réttindi kynjanna.
- Við greiðum sömu laun fyrir jafn verðmæt störf og Bónus hefur hlotið jafnlaunavottun samkvæmt ÍST 85:2012.



## Góð atvinna og hagvöxtur

8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR



Við styðjum við heimsmarkmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt á eftirfarandi hátt:

- Erum sanngjörn með kaup og kjör, og er hár starfsaldur innan fyrirtækisins til marks um þetta.
- Við líðum ekki einelti, fordóma, kynbundið ofbeldi, kynbundna eða kynferðislega áreitni og gætum þess að allt starfsfólk hafi sömu tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.
- Við höfum um árabíl verið einn stærsti þátttakandinn í „Atvinna með stuðningi“ verkefninu sem gengur út á að veita fólki vinnu sem er með skerta starfsgetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar.

## Ábyrg neysla og framleiðsla

12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA



Við styðjum við heimsmarkmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu á eftirfarandi hátt:

- „Saman gegn matarsóun“ verkefnið hefur verið starfrækt frá upphafi rekstrar. Mikil áhersla lögð á að lágmarka rýrnun í fyrirtækinu sem er mjög lítil miðað við eðli rekstrar. Ávextir á síðasta snúningu eru boðnir á verulegum afslætti til viðskiptavina og kjúklingur fer sjálfkrafa á afslátt þegar hann nálgast síðasta sölundag.
- Við þrýstum á innlenda birgja að minnka plast í umbúðum og að setja upp tvöfalt strikamerki á ferskvöru sem hjálpar við að sporna gegn matarsóun.
- Við notum minna plast í umbúðir fyrir bakkelsi og minna plast í umbúðir fyrir fyrirtækið Ferskar Kjötvörur sem fór úr plastbökkum yfir í 100% endurvinnanlegar umbúðir sem hafa 70% minna plast en áður.

## Aðgerðir í loftslagsmálum

13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM



Við styðjum við heimsmarkmið 13 um aðgerðir í loftslagsmálum á eftirfarandi hátt:

- Við leggjum okkur fram í loftslagsmálum með áherslu á kolsýrurvæðingu, Led-væðingu, rafbílavæðingu og aðgerðum í úrgangsmálum.
- Við hættum að selja hefðbundna plastburðarpoka í október 2022.
- Erum aðalstyrktaraðilar verkefnis Landgræðslunnar og Skógræktarinnar um að safna og sá birkifræjum til að rækta upp birkiskóga á Íslandi.
- Styðjum við fjölbreytt verkefni sem miða að bindingu kolefnis úr andrúmslofti.
- Gefum moltu á hverju vori til viðskiptavina. Bæði í Bónus Kauptúni og Bónus Korputorgi geta viðskiptavinir fengið moltu endurgjaldslaut, en moltan er einmitt gerð meðal annars úr lífrænum úrgangi verslunarinnar.

# Sjálfbærnimarkmið og árangur 2023



Heiti markmiðs	Heimsmarkmið SP	Tenging við stefnu Haga	Heiti verkefnis	Markmið 2023	Staða markmiða í lok árs 2023
<b>Umhverfið</b>					
Auka framboð á umhverfisvænni vöru	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	LED lýsing í verslanir	Skipta út eldri lýsingum í LED lýsingar í 2 verslunum Bónus	Aðeins náðist að skipta út LED lýsingu í einni verslun.
Endurvinnsla umbúða	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Hærra endurvinnsluhlutfall	Hækka endurvinnsluhlutfall um 1%	Þetta markmið náðist á árinu 2023. Endurvinnsluhlutfallið fór úr 77,8% í 81%.
Minna kolefnisspor	13 - Aðgerðir í loftslagsmálum	Umhverfi	Minna kolefnisspor	Minnka kolefnisspor um 2%	Þetta markmið náðist fyrir umfang 1 og 2 (þegar markmiðið var sett var Bónus ekki að telja sömu hlutina í umfangi 3.
Minni soun matvæla	13 - Aðgerðir í loftslagsmálum	Umhverfi	Minnkum matarsoun	Koma upp sérstökum vel merktum stöndum í verslanir sem eru aðgengilegri fyrir viðskiptavini	Ekki náðist að koma upp vel merktum stöndum í verslanir.
<b>Mannauðurinn</b>					
Jafnlaunavottun	5 - Jafnrétti kynjanna	Starfsmannamál	Launagreining	Minna en 3%	Þetta markmið náðist en launamunur mældist 0,2% í árslok 2023.
<b>Samfélagið</b>					
Matargjafir til hjálparsamtaka	2 - Ekkert hungur	Samfélagsleg ábyrgð	Matargjafir til bágstaddra	Auka matargjafir um 5%	Það náðist ekki að auka matargjafir 2023.
Ábyrg innkaup aðfanga	8 - Góð atvinna og hagvöxtur	Samfélagsleg ábyrgð	Mótun innkaupastefnu	Versla meira í heimabyggð	Þetta markmið náðist ekki á árinu 2023.
Heilsa og vellíðan viðskiptavina	3 - Heilsa og vellíðan	Samfélagsleg ábyrgð	Lýðheilsa	Bónus selur ekki tóbak	Bónus seldi ekki tóbak á árinu 2023.
Heilsa og vellíðan viðskiptavina	3 - Heilsa og vellíðan	Samfélagsleg ábyrgð	Bætt aðstaða fyrir hjóla fólk	Fjölga hjólastöndum við verslanir	Við bættum við hjólastandi á Nýbýlavegi á árinu 2023.

Taflan sýnir hvernig samfélagsverkefnin okkar tengjast stefnu móðurfélagsins Haga og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.





## Umhverfi

Flokkur	Yfirmarkmið	Undirmarkmið	Aðgerðir	Heimsmarkmið SP
Loftslag	<b>Kolefnishlutleysi 2030 í umföngum 1 &amp; 2</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>A.m.k. 70% samdráttur á raunlosun fyrir 2030 mv. 2023</li> <li>Kolefnisbinding með raungerðum og vottuðum einingum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kolsýruvæðing kælikerfa (83% af losun)</li> <li>Rafbílavæðing</li> <li>LED-væðing verslana</li> <li>Fjárfesting í vottuðum kolefniseiningum sem raungerast frá og með 2030</li> </ul>	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla
Loftslag	<b>Bættar mælingar og samdráttur á losun í virðiskeðju</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Bættar mælingar á virðiskeðjulosun</li> <li>Aukið framboð á vörum með lægra kolefnisspor</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Mæling á yfir 90% heildarlosunar</li> <li>Bætt nákvæmni mælinga með tilliti til betri upplýsinga frá birgjum</li> <li>Innleiðing á innkaupastefnu með áherslu á sjálfbærnisjónarmið</li> </ul>	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla
Loftslag	<b>Stuðla að matvælaöryggi Íslands</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tryggja aðlögunarhæfni í virðiskeðju vegna hugsanlegs matvælasports sem afleiðingu af loftslagsbreytingum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Uppsprettan</li> <li>Stuðningur við innlenda framleiðslu</li> </ul>	13 - Aðgerðir í loftslagsmálum
Hringrásarhagkerfi	<b>Bætt úrgangsflokkun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>82% flokkunarhlutfall á fyrir 2027</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Regluleg upplýsingagjöf til verslunarstjóra</li> </ul>	13 - Aðgerðir í loftslagsmálum
Hringrásarhagkerfi	<b>Lágmörkun úrgangs og matarsóunar</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>10% lækkun á magni lífræns úrgangs fyrir 2027</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Dýnamískir afslættir</li> <li>Afsláttarpokar</li> <li>Matargjafir</li> <li>Gæðaeftirlit í verslunum</li> </ul>	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla
Hringrásarhagkerfi	<b>Umhverfisvænni umbúðir á Bónus vörum</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Umbúðir séu endurvinnanlegar eins og kostur er og auðvelt sé fyrir neytandann að flokka þær</li> <li>Bestun umbúða með tilliti til líftíma vara</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Notast sé við endurvinnanleg efni í umbúðum</li> <li>Lágmörkun á efnisnotkun í umbúðum</li> <li>FENÚR merkingar og að auðvelt sé að taka mismunandi efni í sundur</li> </ul>	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla
Líffræðileg fjölbreytni	<b>Lágmörkun neikvæðra áhrifa á líffræðilega fjölbreytni í virðiskeðju</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Allir birgjar samþykki siðareglur með áherslu á líffræðilega fjölbreytni</li> <li>Aukin þekking á óbeinum áhrifum á líffræðilega fjölbreytni</li> <li>Aukið hlutfallslegt framboð á vörum með vottun um lífræna eða sjálfbæra framleiðslu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Siðareglur birgja innleiddar í alla nýja samninga</li> <li>Innkaupastefna með áherslu á sjálfbærni</li> <li>Innleiðing á upplýsingakerfi sem gerir okkur kleift að taka út vottanir</li> </ul>	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla



## Mannauður

Flokkur	Yfirmarkmið	Undirmarkmið	Aðgerðir	Heimsmarkmið SP
Starfsánægja	<b>Starfsánægja í fyrirrúmi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsmannaánægja mælist árlega a.m.k. 7,5</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Púlsmælingar á 2 mánaða fresti</li> <li>Allar nafnlausar ábendingar teknar fyrir og þeim svarað</li> <li>Starfsmannakönnun Brandr</li> </ul>	8 - Góð atvinna og hagvöxtur
Jafnrétti & fjölbreytni	<b>Sömu laun fyrir jafnverðmæt störf</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kynbundinn launamunur sé árlega undir 1%</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Árleg jafnlaunaúttekt</li> <li>Stöðug umbótavinna og eftirfylgni</li> </ul>	5 - Jafnrétti kynjanna
Jafnrétti & fjölbreytni	<b>Fjölbreyttur vinnustaður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Jöfn tækifæri til starfa óháð stöðu og uppruna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fólk hvatt til að sækja um óháð stöðu og uppruna</li> <li>Fræðsla og þjálfun og fleiri en einu tungumáli</li> <li>Atvinna með stuðningi</li> <li>Samstarf við Blindravinafélagið</li> <li>Samstarf við flóttamannadeild Vinnumálastofnunar</li> </ul>	5 - Jafnrétti kynjanna
Heilsa og öryggi	<b>Slysalaus vinnustaður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Engin skráningarskyld vinnuslys per milljón klukkustundir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Við erum með öryggis- og skyndihjálparnámskeið á hverju ári</li> </ul>	3 - Heilsa og vellíðan
Þjálfun og starfsþróun	<b>Starfsfólk hafi tækifæri til að vaxa og þróast í starfi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Öllu föstu starfsfólki bjóðist frammistöðu- og/eða starfsþróunarviðtal árlega</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Innleiðing á ramma fyrir starfsþróunarviðtöl</li> <li>Bónusskólinn</li> </ul>	3 - Heilsa og vellíðan
Starfsfólk í virðiskeðju	<b>Réttindi starfsfólks í virðiskeðju séu virt og vinnuaðstæður mannsæmandi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Allir birgjar samþykki siðareglur birgja</li> <li>Regluleg eftirfylgni með birgjum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Innleiðing siðareglna í alla nýja innkaupasamninga</li> <li>Innleiðing birgjamatslausnar</li> </ul>	3 - Heilsa og vellíðan 12 - Ábyrg neysla og framleiðsla



## Neytendur

Flokkur	Yfirmarkmið	Undirmarkmið	Aðgerðir	Heimsmarkmið SP
Kjör neytenda	<b>Ódýrasta matarkarfan um allt land</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Bónus mælist að jafnaði lægst í verðsamanburði við aðrar verslanir árlega</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Virkt verðeftirlit á dagvörumarkaði</li> <li>Ferlar til að tryggja sanngjarnt innkaupaverð</li> </ul>	2 – Ekkert hungur 3 – Heilsa og vellíðan
Kjör neytenda	<b>Leggja kjarabaráttu neytenda lið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Sporna við verðbólgu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Virkt samtal við birgja í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að verðhækkningar fari umfram kostnað</li> </ul>	8 – Góð atvinna og framleiðsla
Lýðheilsa	<b>Ríkulegt framboð af heilsusamlegum valkostum</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Aukning á framboði vara með heilnæmisvottun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Innleiðing á upplýsingakerfi sem gerir okkur kleift að taka út tölulegar upplýsingar um vottanir</li> </ul>	3 – Heilsa og vellíðan
Lýðheilsa	<b>Aukin sala á grænmeti og ávöxtum</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>3% árleg aukning á seldu magni milli ára</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Aukin fókus á þjálfun starfsfólks og verslunarstjóra Einnig erum við í nánú samstafi við Banana varðandi gæðaeftirlit</li> </ul>	3 – Heilsa og vellíðan
Aðgengi	<b>Allir velkomnir í verslanir Bónus</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gott aðgengi sé fyrir fatlaða í öllum verslunum</li> <li>Gott aðgengi fyrir barnafjölskyldur</li> <li>Innviðir til staðar fyrir umhverfisvæna ferðamáta</li> <li>Tryggja aðgengi að nauðsynjavöru við náttúruhamfarir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hjólastandar</li> <li>Hönnun verslana með aðgengi fatlaðra í huga</li> <li>Uppsetning orkugáma til að tryggja orku og vatn til verslana á Reykjanesinu við náttúruhamfarir</li> </ul>	3 – Heilsa og vellíðan
Upplýsingar	<b>Upplýstir neytendur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að neytendur fái upplýsingar um umhverfisáhrif vara</li> <li>Að allar vörur séu merktar með uppruna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gagnalaug</li> <li>Miðlun upplýsinga til viðskiptavina um losun vara</li> </ul>	3 – Heilsa og vellíðan



# Lykilpættir úr sjálfbærniuppgjöri

Gróðurhúsalofttegundir	Eining	2022	2023
Umfang 1	tCO <sub>2</sub> í	1.794,4	1.554,1
Umfang 2 (landsnetið)	tCO <sub>2</sub> í	218,8	228,7
Umfang 2 (með markaðsaðgerðum)	tCO <sub>2</sub> í	-	5.511,7
Umfang 1 og 2	tCO <sub>2</sub> í	2.013,2	1.782,8
Umfang 3	tCO <sub>2</sub> í	241.327	260.959
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (landsnetið) og 3)	tCO <sub>2</sub> í	243.340	262.742
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (með markaðsaðgerðum) og 3)	tCO <sub>2</sub> í	-	-
Nasdaq: E1 UNGC: P7 GRI: 305-1,305-2,305-3 SASB: General Issue / GHG Emissions TCFD: Metrics & Targets			
Umfang 1 - samsetning losunar	Eining	2022	2023
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> í	1.794,4	1.554,1
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO <sub>2</sub> í	72,3	70,8
Lekalosun	tCO <sub>2</sub> í	1.722,1	1.483,3
Umfang 2 - samsetning losunar	Eining	2022	2023
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> í	218,8	228,7
Rafmagn	tCO <sub>2</sub> í	110,3	108,7
Hitaveita	tCO <sub>2</sub> í	108,5	119,9
Kæling	tCO <sub>2</sub> í	-	-
Gufa	tCO <sub>2</sub> í	-	-

Umfang 3 - losun á fyrri stigum	Eining	2022	2023
<b>Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta</b>			
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> í	240.923	260.579
<b>Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi</b>			
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> í	65,2	70,5
Losun á fyrri stigum vegna eldsneytisnotkunar	tCO <sub>2</sub> í	17,8	17,3
Losun á fyrri stigum vegna rafmagnsnotkunar	tCO <sub>2</sub> í	0,4	0,4
Flutnings- og dreifitap raforku og hitaveitu	tCO <sub>2</sub> í	47,1	52,9
<b>Flokkur 4: Aðkeyptur flutningur og dreifing</b>			
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> í	1,2	0,5
Flugfrakt	tCO <sub>2</sub> í	1,2	0,5
<b>Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri</b>			
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> í	335	308,9
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	tCO <sub>2</sub> í	335	308,9
Fráveita	tCO <sub>2</sub> í	-	-

Sjálfbærniuppgjör Bónus fyrir árið 2023 er unnið í samstarfi við Klappir og er notast við Sustainability Platform hugbúnaðarlausnina við söfnun og úrvinnslu upplýsinga. Þær upplýsingar sem uppgjörrið byggist á eru jafnframt hluti af sjálfbærniuppgjöri Haga sem hlotið hefur staðfestingu óháðs endurskoðanda.

Sjálfbærniuppgjörrið er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019, leiðbeiningum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu Þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað til tilheyrandi viðmiða GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI100-400) og tekur upplýsingagjöf félagsins um eigin mannauðsmál og stjórnarhætti auk þess mið af nýju evrópsku sjálfbærnistöðlunum (ESRS).

	Eining	2023
<b>S1-6: Samsetning starfsfólks</b>		
<i>Heildarfjöldi starfsfólks</i>		
Karlar	Fjöldi	676
Konur	Fjöldi	420
<b>Samtals</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>1.096</b>
<i>Fjöldi starfsfólks með ótímabundna ráðningu</i>		
Karlar	Fjöldi	676
Konur	Fjöldi	420
<b>Samtals</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>1.096</b>
<i>Fjöldi starfsfólks með tímabundna ráðningu</i>		
Karlar	Fjöldi	0
Konur	Fjöldi	0
<b>Samtals</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>0</b>
<i>Fjöldi starfsfólks með ótrygган vinnutíma</i>		
Karlar	Fjöldi	0
Konur	Fjöldi	0
<b>Starfsmannavelta</b>		
Fjöldi starfsmanna sem hætti á árinu	Fjöldi	531
Starfsmannavelta	%	48,0%
<b>S1-8: Kjarasamningar og trúnaðarmenn</b>		
Hlutfall starfsfólks sem heyrir undir kjarasamninga	%	99,9%
Hlutfall starfsfólks sem hefur trúnaðarmann	%	100%

	Eining	2023
<b>S1-9: Fjölbreytnimælikvarðar</b>		
<i>Kynjafjölbreytni í æðstu stjórnunarstöðum</i>		
Karlar	Fjöldi	4
Konur	Fjöldi	1
Karlar	%	75,0%
Konur	%	25,0%
<i>Aldursdreifing</i>		
<30 ára	%	85,0%
30-50 ára	%	11,0%
>50 ára	%	4,0%
<b>S1-14: Heilsa og öryggi</b>		
Fjöldi dauðsfalla sem afleiðing vinnuslysa eða vinnutengdra veikinda		0
Fjöldi skráningarskyldra vinnuslysa	Fjöldi	1
Tíðni skráningarskyldra vinnuslysa	x/1.000.000	1,0
<b>S1-16: Launamunur kynjanna</b>		
Niðurstaða jafnlaunavottunar		0,2%

Sjálfbærniuppgjör Bónus fyrir árið 2023 er unnið í samstarfi við Klappir og er notast við Sustainability Platform hugbúnaðarlausnina við söfnun og úrvinnslu upplýsinga. Þær upplýsingar sem uppgjörið byggist á eru jafnframt hluti af sjálfbærniuppgjöri Haga sem hlotið hefur staðfestingu óháðs endurskoðanda.

Sjálfbærniuppgjörið er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019, leiðbeiningum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu Þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (WorldFederation of Exchange). Einnig er vísað til tilheyrandi viðmiða GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI100-400) og tekur upplýsingagjöf félagsins um eigin mannaúðsmál og stjórnarhætti auk þess mið af nýju evrópsku sjálfbærnistöðlum (ESRS).

Nú eru sjálfbærnisráskýrslur Bónus orðnar fjórar og þrátt fyrir að okkur finnst eins og við höfum unnið að gerð fyrstu skýrslunnar fyrir stuttu síðan þá er nú komin ágætis reynsla á markvissa vinnu þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð Bónus.

Í þessari sjálfbærnisráskýrslu, rétt eins og þeim sem við höfum unnið að áður, höfum við leitast við að taka saman á einum stað helstu áherslur okkar í umhverfismálum, starfsmannamálum og samfélagslegri ábyrgð. Með árlegri gerð sjálfbærnisráskýrslna viljum við sýna fram á hvernig þessi mál endurspeglast í daglegum rekstri, stefnu og framtíðarsýn Bónus og þeirri viðleitni okkar að hafa jákvæð áhrif á samfélagið hér á Íslandi.

Síðustu ár hafa kennt okkur að við þurfum að vera tilbúin undir það óvænta en starfsfólk okkar hefur styrkst við að takast á við krefjandi umhverfi og í dag er óhætt að segja að staða Bónus sé sterk.

Markverður árangur hefur náðst í vinnu okkar að umhverfismálum á árinu 2023 og til að mynda þá minnkaði losun í umföngum 1 & 2 um 11% á milli ára sem verður að teljast mjög góður árangur. Við höldum áfram að vinna að

Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, með áherslu á sex heimsmarkmið til þess að leggja okkar að mörkum svo ná megi markmiðunum fyrir árið 2030:



Eitt mikilvægasta samfélagslega verkefnið okkar er nú sem endranær að standa vörð um kaupmátt neytenda. Þetta verkefni hefur sjaldan verið mikilvægara enda verðbólga þrálát. Henni verðum við að ná niður og Bónus hefur lagt mikla áherslu á að sporna við hækkandi vöruverði til neytenda og þannig lagt sitt af mörkum til að tryggja viðskiptavinum sínum vörur á sem hagkvæmasta verði.

Bónus hefur alltaf látið gott af sér leiða með ýmsum samfélagslegum verkefnum og við munum halda þeirri vegferð áfram.



# Með þér í liði